BYGGÐASTOFNUN
Ártorgi 1
550 Sauðárkróki
Sími 455 54 00
Fax 455 54 99
postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is

Fjárlaga- og efnahagsnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sauðárkróki, 10. október 2017

Fjárlög eru í annað sinn unnin samkvæmt nýjum lögum um opinber fjármál nr. 123/2015. Í 14. grein laganna er eftirfarandi ákvæði :„Innan fjögurra vikna frá framlagningu frumvarps til fjárlaga skal Byggðastofnun gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif frumvarpsins á byggðaþróun í landinu.“ Nánari skýringar er að finna í áliti meirihluta fjárlaganefndar en þar segir: „Í þessu felst m.a. að í umsögn Byggðastofnunar skuli fjallað um hvernig stefna hvers ráðherra skv. 20. gr. frumvarpsins, fyrir þau málaefnasvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á, samræmist byggðaáætlun og sóknaráætlunum landshluta sem fram koma í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun.“

Byggðamál spanna afar vítt svið. Þau hafa verið skilgreind á þann veg að þau séu öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta. Samkvæmt þessari skilgreiningu eru byggðamál viðfangsefni allra ráðuneyta með einhverjum hætti.

Byggðastofnun gefur nú umsögn til fjárlaganefndar í annað sinn samkvæmt lagaákvæðinu. Að mati Byggðastofnunar felur það í sér merkilega nýbreytni sem ætti í fyllingu tímans að vera til þess fallin að varpa ljósi á áhrif fjárlaga á þau málefnasvið sem tengjast byggðaþróun. Hér er á ferðinni nýtt verkfæri á sviði byggðamála sem mun efalaust þróast eftir því sem árin líða. Vinnulagið mun því þróast og breytast, en til að það komi að sem bestum notum er að mati Byggðastofnunar nauðsynlegt að stofnunin komi mun fyrr að vinnuferli fjárlagafrumvarps ár hvert.

Mat stofnunarinnar tekur mið af frumvarpi til fjárlaga 2018 eins og það var lagt fyrir 12. september 2017. Í umsögn Byggðastofnunar er eingöngu skoðað hvaða útgjaldaliðir frumvarpsins hafa bein eða óbein áhrif á byggðaþróun. Ekki er lagt mat á áhrif tekjuöflunar ríkisins á byggðaþróun, þó að ljóst sé að skattheimta hefur mismunandi áhrif á einstakar atvinnugreinar og þar með einstök byggðarlög og byggðaþróun í heild.

Byggðastofnun sendi fjármála- og efnahagsráðuneytinu bréf 12. september 2017 og óskaði eftir frekari svæðagreiningu ríkisútgjalda en fram koma í framlögðu frumvarpi. Stofnunin hefur ekki fengið svar við erindinu. Því hefur verið farin sú leið að skoða útgjöld til nokkurra málefnasviða frumvarps til fjárlaga 2018 sem tengjast byggðaþróun og styðjast við Fjármálaáætlun 2018-2022. Þar er að finna ítarlegri umfjöllun um markmið einstakra málefnasviða.

Gildandi byggðaáætlun lýkur um áramót 2017/2018. Unnið er að gerð nýrrar byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024 samkvæmt lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015. Vinnu við nýja byggðaáætlun er ekki lokið og því ekki hægt að taka mið af þeim áherslum sem verða í henni auk þess sem fjárlagavinna hefði heldur ekki getað tekið mið af byggðaáætlun sem er í vinnslu. Í umsögninni er gerð grein fyrir stöðu byggðaáætlunar og sóknaráætlana landshluta en það eru þær áætlanir stjórnvalda sem ætlað er að hafa áhrif á byggðaþróun með beinum hætti.

Uppbygging frumvarps til fjárlaga og málefnasvið með tengingu við byggðamál

Frumvarpið er byggt á lögum um opinber fjármál nr. 125/2015 og er grundvallað á Fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 sem samþykkt var á Alþingi síðastliðið vor.

Ein meginbreyting með nýjum lögum er að fjárheimildir eru greindar eftir málefnasviðum og málaflokkum en ekki stofnunum og verkefnum eins og áður var. Í fjármálaáætlun koma m.a. fram annars vegar stefna og markmið og hins vegar áherslur og aðgerðir í hverju málefnasviði og málaflokki. Þar er einnig tilgreint hvaða ráðuneyti er ábyrgt fyrir hverju málefnasviði og málaflokki og fylgir frumvarp til fjárlaga 2018 þessu vinnulagi.

Hér verður fyrst og fremst skoðað hvort markmið eða aðgerðir málefnasviða eru tilgreind með beinum áherslum á landsbyggðirnar. Þetta er gert til að leitast við að afmarka verkefnið við þau málefnasvið sem talin eru skipta mestu fyrir byggðaþróun. Málefnasvið sem tekin voru til skoðunar eru eftirfarandi en númer vísa til fjárlagafrumvarpsins:

8. málefnasvið : Sveitarfélög og byggðamál.

Málaflokkurinn byggðamál skiptist í fjögur verkefni; Byggðastofnun, Jöfnunarsjóð flutningskostnaðar, Flutningssjóð olíuvara og byggðaáætlun ásamt sóknaráætlunum landshluta. Tilgreind markmið eru að efla sjálfbæra þróun byggðarlaga um land allt, jafna lífskjör og stuðla að

sjálfbærri þróun byggðarlaga. Annað markmið er aukinn stuðningur við svæði sem hafa búið við langvarandi fólksfækkun og vísað er til verkefnisins Brothættar byggðir. Einnig er markmið um jöfnun olíuverðs um land allt. Níu aðgerðir eru settar fram í fjárlagafrumvarpinu og tengjast allar fyrstu tveimur markmiðunum. Aðgerðirnar eru: 1) byggðastyrkir vegna ljósleiðaravæðingar, 2) starfshópar um orkuöryggi, 3) kortlagning á mögulegum smávirkjunum, 4) styrking verkefnisins „Brothættar byggðir“, 5) jöfnun flutningskostnaðar vegna verslunar í dreifbýli, 6) starfshópur sem meti leiðir til að koma til móts við þá sem sækja vinnu um langan veg, 7) starfshópur um jöfnun orkukostnaðar, 8) starfshópur sem geri tillögur um skattalega hvata sem miði að því að fjölga störfum á landsbyggðinni og 9) framhald á vinnu við skilgreiningu opinberrar þjónustu.

11. málefnasvið : Samgöngu- og fjarskiptamál.

Meginmarkmið málefnasviðsins er að tengja samfélög, byggðir og landið allt við umheiminn. Markmið í samgöngum eru skilgreind í Samgönguáætlun sem hefur fimm markmið, þ. e. að tryggja öruggar, greiðar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar samgöngur. Fimmta markmiðið er að samgöngur stuðli að jákvæðri byggðaþróun. Aðgerðir sem tengjast því markmiði eru: 1) ný Vestmannaeyjaferja tekin í notkun, 2) endurbætur á Landeyjahöfn, 3) framkvæmdir við Dýrafjarðargöng, 4) aukinn stuðningur við endurnýjun hafna og 5) aukin áhersla á viðhald innanlandsflugvalla.

Markmið í fjarskiptum eru skilgreind í Fjarskiptaáætlun og eru m.a. að tryggja hagkvæm örugg og áreiðanleg fjarskipti og að vinna að hagkvæmri uppbyggingu fastlínukerfa á svæðum sem búa við markaðsbrest á landsvísu og útbreiðslu háhraðafarnets. Markmið póstþjónustu er að tryggja hagkvæma og áreiðanlega póstþjónustu um land allt með því að tryggja notendum aðgang að alþjónustu. Meðal markmiða í Fjarskiptaáætlun 2011-2022 og aðgerða sem tilgreindar eru í fjárlagafrumvarpinu er að einkaréttur á póstþjónustu verði afnuminn og er það í samræmi við skuldbindingar samkvæmt EES samningnum. Byggðastofnun þykir rétt að benda á að við framkvæmd þessara áforma verði þess gætt að þjónusta í strjálbýli verði tryggð. Meðal aðgerða er einnig Ísland ljóstengt – landsátak í uppbyggingu fjarskiptainnviða utan markaðssvæða sem er að hluta fjármagnað af byggðaáætlun. Þá styrkir ríkið ljósleiðaravæðingu sveitarfélaga með fjárveitingum Fjarskiptasjóðs.

12. málefnasvið : Landbúnaðarmál.

Breytingar á búvörulögum og búvörusamningar hafa að markmiði að tryggja stöðu íslensks landbúnaðar með betri markaðsstöðu sem skili bændum betri afkomu og neytendum lægra verði. Ein af aðgerðum fjárlaga er endurskoðun búvörusamninga en starfshópur mun ljúka störfum fyrir árslok 2018. Byggðastofnun þykir rétt að benda á það að óbreyttu stefnir í verulega byggðaröskun vegna verðlækkunar og markaðserfiðleika við sölu sauðfjárafurða. Ekki verður séð af fjárlagafrumvarpi að reiknað sé með sérstökum útgjöldum vegna þessa. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafði hins vegar skömmu áður en til stjórnarslita kom lagt fram tillögur um aðgerðir sem fólu í sér kostnað, sem að hluta til voru tilfærslur innan búvörusamnings en að hluta til virðist hafa átt að fjármagna aðgerðir með nýjum fjárveitingum. Byggðastofnun hefur fyrir sitt leyti lagt áherslu á að komi til fækkunar sauðfjár verði gætt að byggðasjónarmiðum við framkvæmd þess.

13. málefnasvið : Sjávarútvegur og fiskeldi.

Tilgreind markmið í sjávarútvegi eru aukin samkeppnishæfni sjávarútvegs og fiskeldis, að tryggja áframhaldandi sjálfbærni fiskistofna og að tryggja góð og ábyrg skilyrði fyrir sjókvíaeldi.

14. málefnasvið : Ferðaþjónusta.

Markmiðið er aukin samkeppnishæfni ferðaþjónustu á grunni efnahagslegs, umhverfislegs og samfélagslegs jafnvægis og að greinin sé öflug atvinnugrein sem skili þjóðarbúinu verulegum gjaldeyristekjum og auki hagsæld og lífsgæði á Íslandi. Meðal aðgerða má nefna endurskoðun á skipan ferðamála til að auka skilvirkni og yfirsýn stjórnsýslu greinarinnar og samhæfingu aðgerða, mótun langtímastefnu um þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu og gerð aðgerðaráætlunar um samhæfingu öryggismála, löggæslu, heilsugæslu og samgangna m.t.t. ferðaþjónustu. Þá verða rannsóknir á áhrifum ferðaþjónustu efldar.

15. málefnasvið : Orku- og eldsneytismál.

Markmið málefnasviðsins er aukin samkeppnishæfni orkumarkaðar á grunni efnahagslegs, umhverfislegs og samfélagslegs jafnvægis. Markmið og aðgerðir eiga að stuðla að því að auka orkuöryggi, hækka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa og jafna orkukostnað á landsvísu. Meðal aðgerða er að tryggja orkuöryggi á heildsölumarkaði raforku, nýta og greina tækifæri til að draga úr raforkunotkun kyntra hitaveitna, kanna möguleika smávirkjana og vinna að endurbótum á svæðum sem búa við skert raforkuöryggi.

17. málefnasvið : Umhverfismál.

Málefnasviðið varðar ýmsa starfsemi á landsbyggðinni, svo sem náttúruvernd, skógrækt, landgræðslu og starfsemi þjóðgarða. Markmiðið eru að tryggja náttúrulega sjálfbærni náttúruverndarsvæða meðal annars með uppbyggingu innviða til að mæta ágangi ferðafólks og að meta sjálfbærni nýtingar gróður- og jarðvegsauðlinda og að fyrir liggi upplýsingar um losun og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri á hverjum tíma. Þá eru einnig sett markmið varðandi vöktun náttúru, náttúruvá og meðhöndlun úrgangs. Aðgerðir er varða náttúruvá eru gerð ofanflóðagarða og vöktunarkerfi vegna náttúruvár.

18. málefnasvið : Menning og listir.

Meginmarkmið málefnasviðsins eru að auðvelda öllum landsmönnum að njóta menningar og lista, jafna og bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu, stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og menningararfleifðar þjóðarinnar fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfinum.

20. málefnasvið : Framhaldsskólastig.

Eitt markmið málefnasviðsins er að nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að bók- og starfsnámi sem uppfylli kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs. Námsstyrkir eru veittir til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum. Einnig eru veitt framlög til niðurgreiðslu skólaaksturs að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum.

23. málefnasvið : Sjúkrahúsaþjónusta.

Málefnasviðið skiptist í sérhæfða sjúkrahúsþjónustu sem veitt er á Landsspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri, almenna sjúkrahúsþjónustu sem veitt er á heilbrigðisstofnunum í heilbrigðisumdæmum, á Landspítala og á Sjúkrahúsinu á Akureyri og erlenda sjúkrahúsþjónustu.

24. málefnasvið : Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa.

Markmiðið er að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Undir heilsugæslu falla almennar lækningar, hjúkrun, þar með talin heimahjúkrun, heilsuvernd og forvarnir, bráða- og slysamóttaka, sjúkraflutningar og önnur heilbrigðisþjónusta. Sérstakt markmið sem sett er í málaflokknum er bætt aðgengi sjúklinga að fjölbreyttri geðheilbrigðisþjónustu óháð efnahag og búsetu. Meðal aðgerða er að þjónusta sálfræðinga og þverfagleg geðheilsuteymi standi til boða í öllum heilbrigðisumdæmum. Einnig verður heimahjúkrun efld um allt land. Þá er einnig markmið að jafna aðgengi landsmanna að sérfræðiþjónustu sem

ekki er unnt að veita á vettvangi eða hagkvæmara er að veita með fjarskiptabúnaði. Í samræmi við breytingar á heilbrigðisþjónustu í dreifbýli og sameiningu stofnana hefur fyrirkomulag sjúkraflutninga verið í endurskoðun. Markmiðið er að sjúkraflutningar í hverju heilbrigðisumdæmi anni þörf fyrir flutninga innan skilgreindra tímamarka.

25. málefnasvið : Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta.

Meginmarkmið málaflokksins er að þörf fólks fyrir dvöl í hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrýmum sé mætt, innan þeirra viðmiða sem sett hafa verið. Meðal aðgerða sem eru tilgreindar eru stefnumótun um hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými og að hefja innleiðingu hennar samkvæmt heildstæðri stefnu í heilbrigðisþjónustu og að fjölga hjúkrunar- og dagdvalarrýmum í samræmi við fyrirliggjandi áætlun.

26. málefnasvið : Lyf og lækningavörur.

Markmið málaflokksins er að tryggja að almenningur hafi áfram aðgang að lyfjum sem standast kröfur um gæði, virkni og öryggi lyfja. Meðal aðgerða er að tryggja aðgengi að lyfjum jafnt á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu.

31. málefnasvið : Húsnæðisstuðningur.

Meðal markmiða er að landsmenn eigi þess kost að eignast eigið húsnæði og hafi val um búsetuform. búi við öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins. Meðal aðgerða er að tryggja fjármögnun á byggingu 2.300 félagslegum leiguíbúðum á næstu árum með stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga.

Uppbygging byggðaáætlunar og sóknaráætlana

Gildistíma byggðaáætlunar fyrir árin 2014-2017 lýkur um áramót 2017/2018. Byggðastofnun skilaði drögum að byggðaáætlun fyrir árin 2017-2023 til ráðherra byggðamála 9. janúar 2017. Drögin voru ekki alveg fullunnin þá og eftir var að funda með nokkrum ráðuneytum um aðgerðir á þeirra málefnasviðum og kostnaðarmeta aðgerðatillögur. Stefnt er að því að leggja fram á vorþingi þingsályktunartillögu um nýja byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024, með skilgreindum markmiðum og aðgerðum til að ná þeim. Byggðaáætlun mun gilda til sjö ára í stað fjögurra í samræmi við lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir. Fjárveiting til málaflokks byggðamála var aukin 2017 um tæplega 25% og munu þeir fjármunir verða settir í eflingu byggðamála og sóknaráætlanir landshluta. Vinnan við nýja áætlun hefur falið í sér mun víðtækara samráð en áður hefur verið og fundað hefur verið með alþingismönnum, samráðsvettvöngum

allra landshlutasamtaka sveitarfélaga, öllum ráðuneytum auk ákveðinna stofnana.

Sóknaráætlanir voru festar í sessi og tengdar við byggðaáætlun með lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir. Sama ár voru gerðir sóknaráætlanasamningar til fimm ára við landshlutasamtök sveitarfélaga.

Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir 8 landshlutasamtaka sveitarfélaga sem fela í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná markmiðum. Forgangsröðun verkefna hvers landshluta byggir á sóknaráætlun hans og fjármunum sem varið er til verkefna á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála er ráðstafað af landshluta-samtökunum samkvæmt reglum sem samþykktar hafa verið af stýrihópi Stjórnarráðsins. Sóknaráætlunum er ætlað að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni hvers landshluta sem og landsins alls. Markmiðið er einnig að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna. Sóknaráætlanir landshluta skulu taka mið af áherslum gildandi byggðaáætlunar hverju sinni.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2018 er áætlað að fjármunir til byggðaáætlunar verði 482 milljón króna sem er lækkun frá fyrra ári um 100 m.kr. Framlag til sóknaráætlana landshluta hækkar hins vegar um sömu upphæð. Þetta stafar af því að vaxtarsamningar sem áður voru fjármagnaðir af byggðaáætlun hafa verið færðir undir sóknaráætlanir landshluta.

Niðurstöður og lokaorð

Með frumvarpi að fjárlögum fyrir árið 2018 er lagt til að ráðstafað verði 783 milljörðum króna. til 34 málefnasviða og 101 málaflokks í ríkisrekstri. Fjárlög fela í sér ráðstöfun á um þriðjungi af vergri landsframleiðslu og því augljóst að áhrif fjárlaga á byggðaþróun eru mikil.

Einstök málefnasvið eða málaflokkar hafa mismikil áhrif á byggðaþróun. Málaflokkurinn byggðamál ráðstafar ríflega 1.900 milljónum króna til verkefna á þessu sviði. Þar undir falla byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta, starfsemi Byggðastofnunar og atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni, Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara og jöfnun flutnings-kostnaðar.

Eins og vikið hefur verið að hér að framan hafa mörg önnur málefnasvið opinberra fjármála bein og óbein áhrif á byggðaþróun. Meðfylgjandi tafla

sýnir sundurliðun fjárveitinga til nokkurra ríkisaðila og verkefna í A-hluta fjárlaga sem veruleg áhrif hafa á byggðaþróun. Hér er í fyrsta lagi sýnt hver niðurstaða varð samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2016. Í öðru lagi er fjárveiting samkvæmt fjárlögum 2017 og í þriðja lagi ætluð fjárveiting samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018 frá 12. september 2017. Upphæðir eru í milljónum króna.

	Reikningur 2016	**Fjárlög 2017**	**Frumvarp 2018**
Byggðamál			
Byggðaáætlun	587,7	578,6	482,3
Sóknaráætlanir landshluta	489,3	402,5	502,5
Byggðastofnun	164,1	166,1	171,4
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	191,2	198,5	204,8
Flutningssjóður olíuvara	361,8	380,0	380,0
Jöfnun flutningskostnaðar	145,8	175,0	175,0
Samgöngur og fjarskipti			
Framkvæmdir á vegakerfinu	15.941,9	17.694,0	17.573,0
Þjónusta Vegagerðar	4.689,1	4.620,3	4.751,3
Styrkir til almenningssamgangna	2.961,4	2.925,6	3.166,6
þ.a. styrkir til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu	988,5		
þ.a. styrkir til ferja og sérleyfishafa	1.676,3		
þ.a. styrkir til innanlandsflugs	296,6		
Framkvæmdir við vita og hafnir	1.026,8	869,3	789,3
Hafnabótasjóður	579,9	412,4	712,4
Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	1.915,8	1.715,8	2.089,8
Fjarskiptasjóður	1.058,0	515,3	577,8
Ferðamál			
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	734,1	576,0	764,4
Landbúnaður			
Samningur um starfsskilyrði í nautgripaframleiðslu	6.656,1	6.615,8	6.658,8
Samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar	4.932,8	4.982,4	5.074,7

Samningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða	626,9	556,9	568,0
Samningur um verkefni samkvæmt búnaðarlögum	549,2	1.618,2	1.627,7
Orkumál			
Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	1.959,0	1.900,7	2.268,2
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	947,8	990,0	952,0
Menntun			
Jöfnun á námskostnaði	542,2	603,4	604,3

Með fjárlögum er ráðstafað fjármunum til ýmis konar grunnþjónustu svo sem heilbrigðisþjónustu og mennta- og menningarmála og hefur margt af þessu áhrif á byggðaþróun.

Byggðastofnun vill að lokum ítreka það sem áður er fram komið að það er að mati stofnunarinnar nauðsynlegt að hún komi mun fyrr að vinnuferli fjárlagafrumvarps ár hvert til að markmiðin með umsögn stofnunarinnar eins og þeim er lýst í lögskýringargögnum með 14. gr. laga um opinber fjármál náist.

Eftirsóknarvert er að í frumvarpi til fjárlaga verði birt yfirlit yfir landfræðilega dreifingu tekna og útgjalda ríkisins. Einnig væri æskilegt að sýnd væri landfræðileg dreifing starfa á vegum ríkisins, opinberra hlutafélaga í eigu ríkisins og starfa í stofnunum sem hafa stóran hluta tekna sinna af fjárlögum. Byggðastofnun hefur raunar tekið saman slík yfirlit fyrir árin 2013, 2014 og 2015 og unnið er að yfirliti fyrir árið 2016.

Virðingarfyllst

_____

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði
Byggðastofnunar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Alþingi
Fjárlaganefnd
sent rafrænt nefndasvid@altingi.is

Umsögn. Fjárlög 2018, þingskjal 1, 147. löggjafarþing.

Nýtt vinnulag í samskiptum fjárlaganefndar, ráðneyta, landshlutasamtaka sveitarfélaga og sveitarfélaga.

Í framhaldi af breytingum á lögum um opinber fjármál, hefur Fjórðungssamband Vestfirðinga ásamt öðrum landshlutasamtökum sveitarfélaga gert kröfu um breytt vinnulagi í samskiptum við Alþingi og ráðuneyti um fjárlagagerð og ríkisfjármálaáætlun. Draga má þessa þætti saman í tvo meginþætti.

- Ríki og sveitarfélög eru sammála um markmið laganna að auka vægi langtíma stefnumörkunar í efnahagsmálum. En þá þarf að auka samráð við mótun fjármálastefnu og fjármálaáætlunar til þess að markmið náist s.s. um afkomu og efnahag, fjármögnun opinberrar þjónustu og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

- Fjárlög hvers árs verða í minna mæli en áður breytt í meðförum Alþingis. Mynda þarf því traust um að brýn hagsmunamál hafi tímasetta áfanga ríkisfjármálaáætlunar s.s. í uppbyggingu innviða og opinberra stofnana í héraði.

Endurskoðun frumvarps til fjárlaga 2018 með tilliti til hagþróunar landshluta

Hagþróun landsins í heild er samkvæmt fjárlagafrumvarpi á góðri leið og efnahagsaðgerðir eru unnar út frá þeirri stöðu. Fjórðungssamband Vestfirðinga bendir fjárlaganefnd hinsvegar á skýrslu Byggðastofnun og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, Hagvöxtur landshluta 2008-2015.

Tæp tvö ár eru síðan fyrsta skýrsla sömu tegundar kom út að hálfu sömu aðila. Fyrir Vestfirði má sjá jákvæð áhrif af vexti í fiskeldi og ferðaþjónustu en á sama tíma hafa sjávarútvegur, landbúnaður, fjármálaþjónusta, húsbyggingar og opinber þjónusta dregist saman. Áhrif þessa má finna í samantekt skýrslunnar þar sem segir; *Laun á ársverk eru lægri í fiskveiðum á Vestfjörðum en annars staðar og meðallaun á ársverk í öllum atvinnugreinum eru aðeins undir landsmeðaltali árið 2015. Fasteignaverð er hvergi lægra en þar. Staðgreiðsluverð á fermetra í sérbýli var 88-89 þúsund krónur að jafnaði árið 2015, rúm 40% af landsmeðaltali.*

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að fjárlagafrumvarp 2018 taki ekki nægjanlega tilliti til mismunandi hagþróunar landshlutanna. Því verður að ítreka umsögn FV varðandi Fjármálaáætlun 2018-2022.

Fjórðungssamband Vestfirðinga harmar að í forsendum ríkisfjármálaáætlunar er ekki tekið tillit til mismunandi stöðu landshluta er varðar efnahagslega og samfélagslega þróun. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að þær efnahagslegu aðgerðir sem lagað eru til í áætluninni muni leiða til skaða byggð og atvinnulíf á Vestfjörðum. Fjórðungssamband Vestfirðinga skorar því á stjórnvöld að endurskoða Fjármálaáætlun 2018-2022.

Fjórðungssamband Vestfirðinga er hinsvegar ljóst að vegna stöðu í stjórnmálum dagsins í dag er óvíst að komið verði á endurskoðun frumvarpsins hvað varðar mismundandi hagþróun landshluta. En hér verða nefnd nokkur þeirra brýnustu málefna sem gera verður kröfu um að verði tekin til skoðunar að hálfu fjárlaganefndar.

Samgöngumál

Í gildandi framkvæmdahluta samgönguáætlunar 2015-2018, er gert ráð fyrir framlögum í upphafi framkvæmda við nýjan veg yfir Dynjandisheiði á árunum 2018 til og með 2021 og um Veiðileysuháls á árunum 2018 til og með 2020. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018 eru þessar framkvæmdir ekki tilgreindar í nýframkvæmdum á næsta ári.

Mótmælt er þessu misræmi milli áætlana ríkisins, því að óbreyttu verður um að ræða frestun á að bjóða megi út Veiðileysuháls og Dynjandisheiði eins og samgönguáætlun 2015-2018 segir til um. Hér um að ræða grundvallaratriði í að koma á heilsárssamgöngum á milli byggðalaga á Vestfjörðum og grundvallaratriði um framtíð byggðar í Árneshreppi. Einnig er mótmælt þeirri að raunlækkun sem er á framlögum sem veitt til hafnaframkvæmda, viðhalds flugvalla og almenningssamganga.

Orkumál

Á stuttum tíma hafa langtímahorfur í orkumálum á Vestfjörðum breyst til hins betra. Virkjanaáform gefa vonir um að auka orkuframleiðslu raforku með vatnsaflsvirkjunum um 130 MW. Með góðu skipulagi á flutningi raforku frá þessum virkjunum má koma á hringtengingu um Vestfirði og gera svæðið sjálfbært í sínum orkumálum. Auk þess að skapa tækifæri til uppbyggingar nýrra atvinnugreina innan landshlutans. Einnig er unnið að úttekt á bættri nýtingu jarðvarma á Vestfjörðum m.a. með uppbyggingu hitaveitu á Hólmavík og víðar.

Framangreint mál tekst ekki nema með samstilltu átaki ríkis og sveitarfélaga og þar er lykilatriði að stofnanir ríkisins og félög í þess eigu hafi fókus á málinu. En á undanförnum árum hafa sveitarfélög orðið þess ítrekað vör við að stofnanir ríkisins gefa þessu málum á Vestfjörðum, lítinn áhuga og eða bera við mannafls og fjármagnsleysi. Þess er óskað að fjárlaganefnd fylgi þessu máli eftir við ráðuneyti og stofnanir í umfjöllun um frumvarp til fjárlaga 2018.

Fiskeldi

Eldi á laxi í sjó hefur vaxið hröðum skrefum á Vestfjörðum á síðustu árum, mestur er vöxtur á sunnaverðum Vestfjörðum en einnig í Dýrafirði og Önundarfirði. Áform um uppbyggingu í Ísafjarðardjúpi eru í biðstöðu vegna tillagna í áfangaskýrslu starfshóps um stefnumótun í fiskeldi.

Áhrif þessara uppbyggingar er lýst skýrslu KPMG um hagræn áhrif fiskeldis í Ísafjarðardjúpi, sem unnin var fyrir Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga nú í september s.l.. (Skýrslan fylgir með þessu erindi).

Hér er rétt að minna á að skýrslan nær eingöngu til Ísafjarðardjúps, en ef tölur eru uppfærðar miðað við útgefið burðarþol fiskeldissvæða á Vestfjörðum, má með nálgun nota margfaldarann 2,8 til að yfirfæra niðurstöður KPMG fyrir Ísafjarðardjúp á alla Vestfirði.

Samanlagt má telja að um 70 þús tonna eldi verði komið upp á næstu 10 til 15 árum, miðað við 80 þús tonna burðarþol. Áhrif þessa eru sem hér segir;

- Heildarverðmæti má áætla að verði því um 65 milljarðar
- Bein störf 730 og afleidd störf um 420, samtals um 1.150 störf (þar af er nú talið að um 200 störf séu þegar kominn á Vestfirði miðað við um 10 þ tonna framleiðslu en stuðullinn er hár í upphafi eins og KPMG bendir á).
- Íbúaþróun, miðað við þegar bein störf eru í hámarki að það fjölgi um 2.500 manns m.t.t. ruðningsáhrifa. Leggja má það mat að þessi 200 störf sem þegar eru kominn að þau standi á bak við um 400 - 450 íbúa. Nettófjölgun er hinsvegar minni, en við sjáum bara fjölgun í Vesturbyggð um 130 manns frá árinu 2008, í öðrum sveitarfélögum á fiskeldissvæðinu er enn fækkun, en eins má segja að þessi uppbygging hafi komið í veg fyrir meiri fólksfækkun að óbreyttu og hugsanlega hrun í einhverjum byggðalögum.
- Arðgreiðslur til ríkissjóðs verði 2,8 milljarðar á ári (Dýrafjarðargöng leggjast á rúmlega 9 milljarða) og um 700 mkr renni til sveitarfélaga, þegar flest bein störf eru til staðar og framleiðsla kominn í hámark

Miklar fjárfestingar eru því framundan á Vestfjörðum með fjármagni frá einkaaðilum. En framangreint mál getur tafist verulega ef ekki tekst að ná fram samstilltu átaki ríkis og sveitarfélaga og þar er lykilatriði að stofnanir ríkisins hafi fókus á málinu. En á undanförnum árum hafa sveitarfélög orðið þess ítrekað vör við að stofnanir ríkisins gefa þessu málum á Vestfjörðum, lítinn áhuga og eða bera við mannafls og fjármagnsleysi. Afgreiðsla á umsóknum fyrirtækja af hafa af þessum sökum tafist um mörg ár. Það er eðlileg krafa að stofnanir geti sinnt sínu lögbundna hlutverki og þess er óskað að fjárlaganefnd fylgi þessu máli eftir við ráðuneyti og stofnanir í umfjöllun um frumvarp til fjárlaga 2018.

Rétt er hér að tengja við ályktun um 600 manna borgarafundar á Vestfjörðum**.**

„Borgarafundur á Vestfjörðum 24. september 2017 vill að mat á samfélagslegum áhrifum verði í framtíðinni lagt til grundvallar stórframkvæmdum og lagasetningu þegar það á við. Jafnframt setur fundurinn fram eftirfarandi þrjár kröfur:

- Ráðist verði strax í vegagerð í Gufudalssveit samkvæmt leið Þ-H (um Teigsskóg), vegna brýnna hagsmuna sveitarfélaganna, atvinnulífsins og íbúa
- Raforkumál á Vestfjörðum verði færð í nútímabúning með hringtengingu Vestfjarða um Ísafjarðardjúp, þannig að atvinnutækifærum fjölgi á Vestfjörðum.
- Laxeldi verði áfram heimilað í Ísafjarðardjúpi og í því ljósi setji stjórnvöld fram, fyrir árslok, ákvæði um nauðsynlegar mótvægisaðgerðir til að verja laxveiðiár í Ísafjarðardjúpi gegn hugsanlegri hættu á erfðablöndun“

Málefni Árneshrepps

Sveitarfélagið ásamt Fjórðungssambandi Vestfirðinga hafa um áratuga skeið barist fyrir uppbyggingu innviða og eflingu samfélagsins í Árneshreppi en með takmörkuðum árangri.

Byggðastofnun hefur samþykkt umsókn Árneshrepps um að sveitarfélagið gerist þátttakandi í verkefninu Brothættar byggðir. En telja verður að nú sé samfélagið á þeim tímamótum að skýr svör þurfa að koma frá stjórnvöldum þ.e. til viðbótar verkefninu Brothættar byggðir, um

aðgerðir í innviða-, atvinnu- og samfélagsuppbyggingu. Hér er þörf á samstilltu átaki ríkis og sveitarfélagsins og þar er lykilatriði að stofnanir ríkisins hafi fókus á málinu. Má hér nefna að slíkt átak hafðist í málefnum Akureyrarbæjar er varðar byggð og atvinnulíf í Grímsey.

En sett á oddinn þá er það lykilatriði að tekin verði ákvörðun um að veita fjármagni til hefja endurbyggingu vegar um Veiðileysuháls á árinu 2018. Í samgönguáætlun 2015-2018 var áætlað að setja 200 mkr í þá framkvæmd en í heild var verkefnið metið um 700 mkr á árinu 2015. Ekki er tillaga um verkefnið í frumvarpi til fjárlaga 2018 eins og kemur fram í umfjöllun um samgöngumál hér að frama. Þess er óskað að fjárlaganefnd fylgi þessu máli eftir við ráðuneyti og stofnanir í umfjöllun um frumvarp til fjárlaga 2018.

Ótímabundið verkefnafjármagn héraðsbundinna stofnana, sléttuð út við endurskoðun heildarsamninga.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur hér upphafi greinargerðar lagt til nýtt vinnulag í samskiptum landshlutasamtaka, ráðuneyta og Alþingis. En hér við afgreiðslu fjárlaga 2018 verður að taka tilliti til að verið sé að þróa verkferla og það verði að vera mögulegt að grípa inn í einstaka fjárlagaliði að þessu sinni. Ráðuneytin hafi í tilfellum sett fram tillögur sem munu að óbreyttu hafa slæmar afleiðingar fyrir rekstur stofnana á Vestfjörðum. Tillögur sem hefðu þurft aukið samráð / samtal um áður en þær voru settar fram og hefðu ekki komið fram í breyttu samskiptaumhverfi ríkis og sveitarfélaga.

Málasvið 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands.
Fjárlagaliður 14.403. 121 Náttúrustofur. Fjárlagaliður lækkar um 20,5 mkr úr 162,1 mkr í 141,6 mkr. Hér er um að ræða lækkun á sérframlagi til Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Húsavíkur. Samkvæmt skýringum UAR, þá er unnið að gerð nýrra langtímasamninga við náttúrustofur og samræma þurfi samninga. Lækkun framlaga Náttúrustofu Vestfjarða (Nave) mun nema um 10,1 mkr eða úr 27,8 mkr í 17.7 mkr. Af þessari skerðingu eru 8,8 mkr vegna ótímabundins framlags sem komu inn með tillögu í fjárlögum ársins 2008[1]. Markmið tillögunnar voru í megindráttum að efla starfsemi Nave og að vera hluti af stærra verkefni þ.e. að efla atvinnulíf og efla rannsóknar og þróunarumhverfi á sunnanverðum Vestfjörðum með nýju stöðugildi Nave á því svæði. Fjórðungssamband Vestfirðinga krefst þess að þessi tillaga fjárlaga 2018 verði dregin til baka og framlög til Nave hækkuð. Stjórnvöld hafa ekki kvikað frá því markmiði að efla samfélög og atvinnulíf á Vestfjörðum og gengur því tillaga um lækkun gegn þeim markmiðum.

---

[1] Fjárlög 2008
14 403 112 Náttúrustofa Bolungarvík Efling starfsemi stofnana innan Þróunarseturs Vestfjarða á Patreksfirði Lagt er til að veitt verði 8 m.kr. framlag til að efla starfsemi stofnana innan Þróunarseturs Vestfjarða á Patreksfirði með það fyrir augum að efla atvinnulíf og samfélag í Vestur-Barðastrandasýslu. Gert er ráð fyrir að verkefnin verði á sviði fiskeldis, ferðaþjónustu, fugla-, gróðurs- og vistfræðirannsókna og nýsköpunar í atvinnurekstri. Með samþykkt þessarar tillögu er gert ráð fyrir að bæta megi við einu stöðugildi hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Til viðbótar er gert ráð fyrir jafn háum framlögum til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Rannsókna- og fræðaseturs Háskóla Íslands, og er sótt um þau í sérstökum tillögum á fjárlagaliðum Byggðastofnunar og Háskóla Íslands. Alls er því sótt um 24 m.kr. í frumvarpinu til þessa verkefnis í heild, auk þess sem sótt er um 5 m.kr. til þess í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007 á lið Byggðastofnunar. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Málasvið 14.1. Stjórnun ferðamála. Fjárlagaliður 04-551. 101 Ferðamálastofa.
Fjárlagaliðurinn hækkar um 102,1 mkr, þar er að hluta samningar Ferðamálastofu við Markaðsstofur landshlutanna. Framlög eru hækkuð um 91 mkr (bls 276) sem er jákvætt en útfærsla samninga er að mati FV ekki í samræmi við efni fjárlagafrumvarps. Samkvæmt vinnutillögu að nýjum samningum þá er ætlun að fjármagn verði veitt til verkefna Ferðamálastofu sem markaðsstofum verði falið að vinna. Efling markaðsstofa á forsendum landshlutans verður því ekki framfylgt á þeirra forsendum. Rétt er að minna hér á að sveitarfélögin í landinu hafa um langa hríð lagt fjármagn til starfsemi markaðsstofa og nemur það í dag um 50 mkr. Fjórðungssamband Vestfirðinga krefst þess að samið verði á jafnréttisgrunni um eflingu markaðsstofa en ekki með einhliða útfærslu Ferðamálastofu og ráðuneytis.


Ísafirði 21. nóvember 2017

f h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarson, framkvæmdastjóri

KPMG

Laxeldi í Ísafjarðardjúpi - greining á áhrifum þess á efnahag og íbúaþróun



Ráðgjafarsvið KPMG

Unnið fyrir Fjórðungssamband Vestfjarða

September 2017

Yfirlit

	Bls.
Inngangur	3
Helstu niðurstöður	4
Staða Vestfjarða	5
Þróun laxeldis	8
Helstu forsendur matsins	15
Efnahagsleg og samfélagsleg áhrif	22
Viðauki	30

Tengiliðir KPMG

Magnús Erlendsson
Ráðgjafarsvið
Partner
KPMG, Ísland
merlendsson@kpmg.is

Gunnar Tryggvason
Ráðgjafarsvið
Senior Manager
KPMG, Ísland
gtryggvason@kpmg.is

Guðmundur Pálsson
Ráðgjafarsvið
Manager
KPMG, Ísland
gpalsson@kpmg.is

Fyrirvari
KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.
Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.
KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum sveitarfélaganna eða annarra aðila er að málinu kunna að koma.

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Inngangur

Inngangur

Mikill vöxtur hefur verið í fiskeldi og þá ekki síst laxeldi á heimsvísu síðustu áratugi. Nágrannalönd okkar í norðanverðu Atlantshafi hafa ekki farið varhluta af þessari þróun og er umfang laxeldis stærra í norska hagkerfinu en við hefðbundin sjávarútveg svo dæmi sé tekið. Svipaða sögu er einnig að segja frá Færeyjum.

Laxeldi hefur nú skotið rótum á sunnaverðum Vestfjörðum og í fjörðum Austurlands, með tilheyrandi atvinnusköpun og jákvæðum byggðaáhrifum.

Í Ísafjarðardjúpi hefur enn ekki verið veitt leyfi til laxeldis, en Hafrannsóknarstofnun hefur metið burðarþol þess. Telur stofnunin að hægt sé að leyfa allt að 30 þús. tonna lífmassa í laxeldi í Ísafjarðardjúpi á hverjum tíma.

Jafnframt gerði Hafrannsóknarstofnun áhættumat m.t.t. hættunnar á erfðablöndun á eldislaxi við náttúrulega stofna í laxgengum ám í nágrenninu og fleiri þátta. Á grundvelli þess mats leggst stofnunin gegn eldi í Ísafjarðardjúpi að sinni.

Ýmsir hafa gagnrýnt að ráðherra, sem endanlega tekur ákvörðum um leyfisveitingar, muni að öllu óbreyttu ekki hafa neitt formlegt mat á efnahagslegum og samfélagslegum áhrifum þessa mögulega eldis á sveitarfélögin á svæðinu. Þau hafa öll barist við erfiðleika í atvinnulífi og fólksfækkun á liðnum áratugum.

Í hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar eins og hugtakið er skilgreint af s.k. Brundtland-nefndar, er gert ráð fyrir að jafnvægis verði gætt í ákvarðanatöku á milli hinna þriggja þátta sjálfbærrar þróunar, umhverfis, samfélags og efnahags.


Við Ísafjarðardjúp eru fjögur sveitarfélög, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur og Strandabyggð. Hafa þessi sveitarfélög áhuga á að leggja mat á hver hugsanleg áhrif slíks eldis yrðu á efnahag og samfélag á svæðinu. Telja þau að slíkt mat eigi erindi í umræðuna.

Fjórðungssamband Vestfjarða hefur óskað eftir því við ráðgjafarsvið KPMG að framkvæma greiningu á áhrifum laxeldis á efnahag og íbúaþróun í sveitarfélögunum við Djúp og leggja fyrrnefnt burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar þar til grundvallar.

Nánar tiltekið er hlutverk KPMG að framkvæma:

- Mat á fjölda starfa
- Mat á áhrifum á tekjur og gjöld ríkis og sveitarfélaga
- Mat á áhrifum á íbúaþróun
- Samanburð við hagræn og samfélagsleg áhrif laxveiða á stöng á svæðinu

KPMG fékk Dr. Daði Már Kristófersson Prófessor í auðlindahagfræði við Háskóla Íslands til að aðstoða við hagfræðileg málefni.



Sjálfbær þróun skv. skilgreiningu Brundtland-nefndar byggir á jafnvægi á milli þriggja þátta, efnahags, umhverfis, og samfélags. Ýmsir hafa gagnrýnt að aðeins einn þessara þriggja þátta eru til skoðunar í ákvörðunarferlinu um laxeldi í Ísafjarðardjúpi

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Helstu niðurstöður

Að gefnum þeim forsendum sem greint er frá í þessari skýrslu er það mat skýrsluhöfunda að líkleg áhrif á efnahag og íbúaþróun við 25 þús. tonna laxeldis við Ísafjarðardjúp verði með þeim hætti sem talið er upp í töflunni hér að neðan. Vísað er í rökstuðning á viðeigandi blaðsíðu í dálknum þar á eftir.

Nokkurrar óvissu gætir með helstu forsendur slíks mats og er hér farin sú leið að birta niðurstöður grunnsviðsmynda án þess að tiltaka óvissubil.

Helstu niðurstöður		Bls
Störf	• Fjöldi beinna nýrra starfa er áætlaður um 260 og nái hámarki um 11 árum eftir að ákvörðun um að leyfa eldi yrði tekin. • Fjöldi afleiddra starfa sem verða til á svæðinu verði um 150 á sama tíma.	24
Íbúaþróun	• Íbúaþróun snúist við og áætluð fjölgun verði um 900 manns í sveitarfélögum við Djúp á sama tíma og bein störf ná hámarki.	25
Saman-burður við stangveiði	• Heildarumfang beinna og óbeinna áhrifa 25 þús. tonna laxeldis er talið verða um 23 ma.kr. á ári við hámarksframleiðslu. • Heildarumfang beinna og óbeinna áhrifa stangveiði á svæðinu er metinn um 220 m.kr. á ári.	28
Tekjur hins opinbera	• Greiðslur á ári til ríkissjóðs nema um 1.070 m.kr. og um 380 m.kr. til sveitarfélaga þegar framleiðsla er í hámarki og flest bein störf verða til.	29

Þó ýmsar forsendur séu háðar óvissu eins og fyrr segir er ljóst að hér er um að ræða stórt tækifæri til atvinnuuppbyggingar og styrkingu samfélaga í byggðalögunum við Ísafjarðardjúp.

© 2017 KPMG ehf. á Islandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

KPMG

Staða Vestfjarða

Núverandi staða á Vestfjörðum

Íbúaþróun

Undir lok síðasta árs bjuggu 6.870 manns á Vestfjörðum sem nam um 2,0% alls mannfjölda á Íslandi.

Þróunin hefur verið stöðug niður á við þó merkja megi hægari fækkun á allra síðustu árum eins og sjá má á súluritinu hér til hliðar. Hlutfallsleg fækkun er hinsvegar ennþá hröð þar sem íbúum landsins alls heldur áfram að fjölga.


Hagvöxtur

Hagvöxtur á Vestfjörðum segir sömu sögu, en heildartekjur landshlutans hafa dregist saman um 6% á s.l. sjö árum. Á sama tíma hefur landsframleiðsla aukist um 4% að raungildi, eins og sjá má í töflunni hér til hliðar.

Í nýútkominni skýrslu Byggðastofnunar um hagvöxt landshluta segir að „nokkur kyrkingur hafi verið í efnahagsstarfseminni á Vestfjörðum“, laun séu undir meðaltali landsins alls og fasteignaverð sé hvergi lægra en þar.

Ólíklegt er að ný atvinnustarfsemi hafi mikil ruðningsáhrif þar sem slaki er í efnahagslífi. Aftur á móti, ef uppbyggingin er hlutfallslega mikil þarf að taka tillit til þess að slíkra áhrifa gætir að lokum.

Þróun íbúafjölda á Vestfjörðum



Heimild: Hagstofa Íslands

Tölur fyrir 2. ársfjórðung 2017

Hagvöxtur eftir landshlutum 2008-2015

	Höfuð-borg	Lands-byggð	Suður-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norð vestra	Norð eystra	Austur-land	Suður-land	Allt landið
2009	-7%	-6%	-11%	-4%	1%	2%	0%	-16%	-5%	-6%
2010	-4%	0%	0%	4%	-8%	-2%	-1%	11%	1%	-3%
2011	3%	0%	-6%	5%	0%	-1%	2%	-3%	1%	2%
2012	0%	4%	3%	5%	-2%	3%	5%	3%	6%	1%
2013	3%	5%	10%	7%	3%	3%	-1%	4%	8%	4%
2014	4%	-1%	-1%	-4%	-4%	-4%	0%	6%	-4%	2%
2015	5%	4%	14%	3%	5%	2%	4%	-2%	1%	5%
08-15	**3%**	**6%**	**8%**	**7%**	**-6%**	**3%**	**8%**	**1%**	**8%**	**4%**

Heimild: Byggðastofnun

Heimild: Hagstofa Íslands og Byggðastofnun

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Íbúaþróun og áhrif atvinnulífs

Áhrif atvinnulífs á íbúaþróun


Einhæfni atvinnulífs hefur oft verið talin ein helsta ástæða fólksflótta af landsbyggðunum. Ef starfsmaður missir vinnuna á svæði þar sem atvinnulíf er fábreytt eru meiri líkur á að hann flytji heldur en þar sem fjölbreytni ríkir. Ef til vill af þessum sökum hefur atvinnuleysi ávallt mælst undir meðaltali á landsvísu þrátt fyrir ýmis áföll en íbúaþróun hinsvegar verið með þeim hætti sem sjá má á línuritinu hér til hliðar. Meðalatvinnuleysi á Vestfjörðum á tímabilinu 2010-2016 var 2,6%, en ríflega tvöfalt hærra á landinu öllu.

Í þeim byggðalögum sem tekist hefur að byggja upp nýjar atvinnugreinar má sjá þess merki að neikvæðri íbúaþróun hafi verði snúið við. Ágætt dæmi er sveitarfélagið Fjarðarbyggð og Fljótsdalshérað þar sem álver með um 400 beinum störfum tók til starfa árið 2007. Á línuritinu hér til hliðar má greina þessi áhrif, en einnig eru þar augljós áhrif sem eingöngu vörðu á byggingartíma álversins.

Annað dæmi er Vesturbyggð sem bjó við stöðuga fækkun íbúa fram til ársins 2010 þegar fiskeldisfyrirtæki fóru að festa þar fætur. Nú veita þau yfir 100 manns atvinnu með beinum hætti, og íbúaþróun hefur verið í takt við íbúaþróun landsins.

Gæti Laxeldi í Ísafjarðardjúpi haft slík áhrif á sveitarfélögin þar og hversu mikil yrðu þau? Þeirri spurningu verður reynt að svara hér á eftir.

Mannfjöldaþróun 1997- 2017 (vísitala 1997 = 100)



Heimild: Hagstofa Íslands

* Tölur fyrir 2. ársfjórðung 2017

Þróun íbúafjölda hvers sveitarfélags

	2000	2006	2010	2016	2017*
Bolungarvík	997	902	888	908	940
Ísafjarðarbær	4.224	4.090	3.824	3.608	3.660
Reykhólahreppur	311	255	278	282	280
Tálknafjarðarhreppur	367	293	306	236	260
Vesturbyggð	1.162	939	890	1.030	1.040
Súðavíkurhreppur	234	225	192	186	190
Árneshreppur	60	49	52	46	50
Kaldrananeshreppur	131	101	106	106	110
Strandabyggð	573	507	501	468	460
Vestfirðir alls	**8.059**	**7.361**	**7.037**	**6.870**	**6.990**

Heimild: Hagstofa Íslands

*Tölur fyrir 2. ársfjórðung 2017

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

KPMG

Þróun launakostnaðar

Laxeldi á heimsvísu

Þróun laxeldis

Fiskeldi, og þá ekki síst laxeldi hefur verið mjög vaxandi atvinnugrein í heiminum öllum. Fiskeldi hefur nú tekið fram úr veiðum úr villtum stofnum í aflamagni.

Laxeldi á heimsvísu nam 2,4 milljónum tonna í árslok 2015 og hefur vaxið bæði hratt og nánast stöðugt síðasta aldarfjórðung.

Nágrannalönd Íslands hafa ekki farið varhluta af þessari þróun og er laxeldi orðin mjög umfangsmikil atvinnugrein bæði í Noregi og Færeyjum og einnig hefur verið töluverður vöxtur á Írlandi og Skotlandi.

Gögn og upplýsingar frá þessum fjórum löndum eru nýtt í greiningu á hugsanlegum efnahagslegum áhrifum mögulegs eldis á byggðalögin við Ísafjarðardjúp.


Efnahagsleg áhrif laxeldis

Í byggðahagfræðinni telst fiskeldi til s.k. grunnatvinnuvega, en mjög stutta skilgreiningu á því hugtaki má sjá í textaboxinu hér til hliðar.

Á heimsvísu er talið að 18,7 milljónir manna starfi við fiskirækt af ýmsum toga um þessar mundir og nemur aukning starfa um 50% frá síðustu aldamótum. Þar sem að hér er um grunnatvinnuveg að ræða er áætlað að margfeldisáhrif beinna starfa í þessari grein sé um 3-4 föld.

Heimild: Editorial, Journal of the World Aquaculture Society, Vol 48, No.4,

Laxeldi - framleiðsla í heiminum



Heimild: FAO – Food and Agriculture Organization of the United Nations

Grunnatvinnuvegir

Byggðahagfræðin skiptir atvinnugreinum hagkerfisins í tvennt, annars vegar grunnstarfsemi hagkerfisins (e. economic base) og hins vegar þær framleiðslu- og þjónustugreinar sem verða til á þeim grunni og byggjast á áframhaldandi tilveru hans.

Grunnatvinnuvegur er atvinnuvegur sem er efnahagslega þýðingarmeiri á tilteknu landsvæði en umfang hans (þ.e. beinn virðisauki) gefur til kynna, í þeim skilningi að aðrir atvinnuvegir eru háðir starfsemi hans en hann er á hinn bóginn ekki háður starfsemi þeirra, a.m.k. ekki í sama mæli.

Eins og rakið hefur verið skýrgreina fræðin um grunnatvinnuvegi tvö megineinkenni grunnatvinnuvega:
(i) Tilvist grunnatvinnuvegar er óháð annarri starfsemi í hagkerfinu.
(ii) Framlag grunnatvinnuvegar til vergrar landsframleiðslu er meira en sem nemur beinu framlagi hans, samkvæmt þjóðhagsreikningum

Heimild: Sveinn Agnarsson, 2012, Beint og óbeint framlag áliðnaðar til landsframleiðslu

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Noregur

Framleiðsla

Mikill og stöðugur vöxtur hefur einkennt starfsgreinina frá 1998 til 2011 en síðan þá hefur hægt á vexti, aðallega vegna takmarkana á leyfisveitingum m.a. í kjölfar lúsafaraldurs árið 2011. Flestir álíta að norskt laxeldi hafi náð hámarksstærð með óbreyttri tækni.

Jákvæð verðþróun á markaði hefur valdið því að þessi atvinnugrein hefur verið afar arðbær s.l. ár í Noregi. Þess má til gamans geta að undir lok ársins 2015 varð 5 kg. lax, sem er algeng sláturstærð varð jafnverðmætur og ein tunna af olíu sem þá hafði fallið nokkuð í verði.

Fjöldi starfa

Bein störf eru talin vera um 4.700 um þessar mundir.


Framleiðsla hefur tæplega tvöfaldast frá árinu 2006 en starfsmannafjöldi rúmlega tvöfaldast yfir sama tímabil.

Noregur hefur unnið nokkuð lengi við fiskeldi, því hefur náðst hagræðing í greininni. Störf á hver 1 þús. tonn hefur verið að meðaltali um 3,4 frá árinu 2004. Í skýrslu SINTEF frá árinu 2016 er farið yfir þjóðhagslegan ávinning af sjávarútvegi og fiskeldi, byggt á gögnum frá árinu 2014.

- Heildaráhrif (bein og óbein) hefðbundins sjávarútvegs og fiskeldis voru 65,7 ma. NOK og við það störfuðu um 51.800 manns.
- Heildaráhrif (bein og óbein) fiskeldis voru 40,6 ma. NOK og við það störfuðu um 28.500 manns.
- Hlutdeild eldisins nemur því tæpum 62% af heildaráhrifunum en það skapar 55% starfana.


Tölur um störf í laxeldi í Noregi eru eingöngu gagnvart framleiðslu, en störf við seiðaframleiðslu voru um 1.600 í árslok 2016.

Noregur - framleiðsla í tonnum og ársverk



Heimild: Directorate of Fisheries in Norway

Noregur - heildarfjöldi starfsmanna og starfsmenn á hver 1 þús. tonn



Heimild: Directorate of Fisheries in Norway

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Færeyjar

Framleiðsla

Mikill og stöðugur vöxtur hefur einkennt starfsgreinina eftir rekstraráfall sem varð í færeysku laxeldi árið 2006. Síðan þá hefur kynslóðaskipta á fiskeldi verið ríkjandi og hefur bæði framleiðsla og starfsmannafjöldi sexfaldast frá því að botninum var náð fyrir 11 árum. Nánar er fjallað um kynslóðaskipt eldi hér á eftir eins og það er skilgreint í reglugerð.

Útflutningsvirði fiskeldis nam 3,7 ma.DKK. Heildarútflutningur sjávarafurða nam 8,0 ma.DKK, laxeldi nemur því tæpum helmingi af útflutningi sjávarafurða í Færeyjum.

Fjöldi starfa

Ljóst má vera að einhver hagræðing á eftir að eiga sér stað í færeysku laxeldi þegar dregur úr vexti atvinnugreinarinnar. Fjöldi starfsmanna við fiskeldi voru 1.075 í árslok 2016. Fjöldi á vinnumarkaði nam alls 25.800. Hlutfall starfsandi við fiskeldi nemur því 4,2%. Árið 2000 nam þetta hlutfall 2,8%.

— Á móti hefur störfum við veiðar og vinnslu farið úr 20% af vinnumarkaði árið 2000 í 10,9% í árslok 2016.


Störf á hver 1 þús. tonn hefur verið um 15,0 frá árinu 2006. Þetta er mun fleiri störf á framleiðslumagn en hjá hinum samanburðarþjóðunum. Ástæðan er sú að stærstu fyrirtækin í Færeyjum hafa farið í virðisaukandi framleiðslu og unnið lax í neytendapakkningar.

Færeyjar - framleiðsla í tonnum og ársverk



Heimild: Hagstofa Færeyja

Færeyjar - heildarfjöldi starfsmanna og starfsmenn á hver 1 þús. tonn



Heimild: Hagstofa Færeyja

Heimild: Hagstofa Færeyja

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.


Skotland

Framleiðsla

Framleiðsla á eldislaxi í Skotlandi hefur verið nokkuð stöðug frá upphafi þessarar aldar og nam um 170 þús. tonnum á síðasta ári.

Hugmyndir eru um að tvöfalda framleiðsluna svo hún verði á bilinu 300-400 þús. tonn árið 2030, m.a. með það að markmiði að skapa störf í byggðum sem eiga undir högg að sækja.

Skotland - framleiðsla í tonnum og ársverk



Heimild: Marine Scotland Science – Scottish Fish Farm Production Survey 2015

Fjöldi starfa


Bein störf eru talin vera um 1.400 um þessar mundir.

Skotland hefur unnið nokkuð lengi við fiskeldi og hefur náðst ákveðin hagræðing í greininni. Störf á hver 1 þús. tonn hafa verið um 7,0 frá árinu 2003, sem er tæplega tvöfalt á við Noreg.

Mjög skýrt er í stefnu stjórnvalda í málefnum greinarinnar að hinar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar séu lagðar þar til grundvallar og að styrking byggða sé hluti af hinu félagslega markmiði.

Tölur um starfsmannafjölda í Skotlandi eru vegna framleiðslu á Atlantshafs laxi og tekur ekki tillit til starfsmanna sem taka þátt í vinnslu eða við markaðsstarf.

Skotland - heildarfjöldi starfsmanna og starfsmenn á hver 1 þús. tonn



Heimild: Marine Scotland Science – Scottish Fish Farm Production Survey 2015

Heimild:
Marine Scotland Science – Scottish Fish Farm Production Survey 2015
Scotland Food & Drink, Aquaculture Growth to 2030,
Marine Scotland, A Fresh Start - The renewed Strategic Framework for Scottish Aquaculture

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Ísland

Framleiðsla

Heildarframleiðsla eldislax nam rúmum 8 þús. tonnum í fyrra og hefur aldrei verið meiri, eins og sjá má á súluritinu á næstu síðu.

Eldi laxfiska hefur verið óheimilt á þeim svæðum sem eru rauðmerkt á kortinu hér til hliðar frá árinu 2004, en þar er að finna helstu laxveiðiár landsins.

Fjöldi nýrra fyrirtækja hafa hafið starfsemi á síðustu árum, aðallega á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Fjöldi starfa

Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi fiskeldisstöðva eru ársverk í fiskeldi hér á landi um 560 talsins í árslok 2016.


— Bein störf í land- og sjókvíeldi eru 360 og hefur fjölgað um tæp 20% frá árinu 2014.

— Óbein störf við afleidd þjónustustörf (afurða- og fóðurflutninga, eftirvinnslu og fleira) eru 200.

Störf á hver 1 þús. tonn voru um 24 m.v. heildarframleiðslu fiskeldis á árinu 2016.


Heimild: Landssamband fiskeldisstöðva

Þróun laxeldis - framleiðsla



Heimild: Landssamband fiskeldisstöðva

* - áætlun frá MAST



Heimild: Veiðimálastofnun og Fiskistofa

© 2017 KPMG ehf. á Islandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Ísland frh.

Fiskeldi á Íslandi - framleiðsla												
	2006	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**2013**	**2014**	**2015**	**2016**	**2017***
Lax	6.894	1.158	292	714	1.068	1.083	2.923	3.018	3.965	3.260	8.420	11.000
Bleikja	1.426	2.851	3.124	2.405	2.427	3.021	3.089	3.215	3.471	3.937	4.084	4.280
Regnbogi	10	11	6	75	88	226	422	113	603	728	2.138	2.500
Hlýri	0	0	0	0	0	2,5	0,3	0,8	0,5	0,6	0,6	0,6
Þorskur	1.412	1.467	1.502	1.805	1.317	877	892	482	310	74	0	0
Lúða	141	31	39	49	72	33	13	0,2	0	0	0	0
Sandhverfa	47	70	51	68	46	20	28	58	0	0	0	0
Senegal flúra	0	0	0	0	0	0	0	0	0	290	418	700
Samtals framleiðsla	**9.930**	**5.588**	**5.014**	**5.116**	**5.018**	**5.263**	**7.367**	**6.887**	**8.350**	**8.290**	**15.061**	**18.481**

** MAST - áætlun*

Heimild: Landssamband fiskeldisstöðva og skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi.

Veitt leyfi frá Hafrannsóknarstofnun fyrir laxeldi

- Framleiðsla 2016 – 8,4 þús. tonn
- Útgefin leyfi í ágúst 2017 – 29,5 þús. tonn
- Heildarburðarþol – 132 þús. tonn
- Heildarmagn af frjóum laxi skv. áhættumati 71 þús. tonn
- Óúthlutað magn af frjóum laxi í umsóknarferli – 41,5 þús. tonn

Heimild: Skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi.

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

KPMG

Helstu forsendur matsins

Áhrif laxeldis á efnahag Noregs

Laxeldi er orðin þroskaðri atvinnugrein í Noregi en í flestum öðrum löndum sem Ísland ber sig að jafnaði saman við. Þar hafa einnig verið gerðar dýpri rannsóknir á efahagslegum og samfélagslegum áhrifum greinarinnar.

Skýrsla SINTEF

Á síðasta ári framkvæmdi norska rannsóknarstofnunin SINTEF mat á þjóðhagslegum áhrifum haftengdrar starfsemi í Noregi og var fiskeldi, sem vaxið hefur hefðbundnum sjávarútvegi til höfuðs, metið sérstaklega.

Á efra súluritinu hér til hliðar má sjá umfang starfandi við fiskeldi á tímabilinu 2004-2014:

— Fjöldi beinna starfa í fiskeldi í Noregi eru talin vera um 5,5 þús. í árslok 2014.

— Fjöldi óbeinna starfa í fiskverkun, vöruviðskiptum og öðru nemur um 23 þús. í árslok 2014.

Á neðra súluritinu má sjá hvernig framlag greinarinnar til landsframleiðslu hefur þróast yfir sama tímabil:


— Heildarframlag fiskeldis nam árið 2014 um 42,6 ma. NOK og hafði þá vaxið um 12,5% árlega að jafnaði síðustu ár.

— Eins og sjá má hér að framan hefur lítill eða enginn magnvöxtur verið í greininni s.l. ár en vöxtur framlags til þjóðarframleiðslu skýrist að mestu af verðhækkunum afurða.

— Hvert kíló af ræktuðum fiski hefur skilað af sér aukningu í þjóðarframleiðslu sem nemur 11 kr. NOK (150 kr. ISK m.v. núverandi gengi) og hafa þessi áhrif verið nokkuð stöðug á síðustu árum.


— Vegna líkinda samsetningar efnahagslífs Íslands og Noregs má draga þá ályktun að áhrifin hér verði nokkuð áþekk þó gera megi ráð fyrir minni skilvirkni á Íslandi vegna smæðar eins og dæma má á samanburðinum við Færeyjar, Skotland og Írland hér að framan.

Þróun atvinnusköpunar í fiskeldi



Heimild: Sintef (Nasjonal betydning av sjømatnæringen)

Þróun verðmætasköpunar fiskeldis



Heimild: Sintef (Nasjonal betydning av sjømatnæringen)

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Hámarks leyfilegur lífmassi

Burðarþol og lífmassi

Hafrannsóknarstofnun hefur metið burðarþol Ísafjarðardjúps m.t.t. umhverfisáhrifa laxeldis 30 þús. tonna. Það þýðir að stofnunin telji að á hverjum tíma sé óhætt að leyfa allt að 30 þús. tonnum af lífmassa lax í kvíum.

Á línuritinu hér til hliðar má sjá hvernig heildarlífmassi laxa í kvíum í Noregi sveiflast með árstíðum en helst undir hámarks leyfilegum lífmassa (HLL).

Eins og sjá má er HLL um 900 þús. tonn eða lægri en ársframleiðsla Noregs síðustu ár sem hefur numið um 1,2 m. tonna.


Lífmassi og framleiðsla í Ísafjarðardjúpi

Gera má ráð fyrir að þar sem eldi er minna af umfangi en t.d. í Noregi muni ársframleiðsla verða að hámarki nær HLL en þar, eða jafnvel undir því. Jafnframt er veltuhraði lífmassa í kaldari sjó lægri en í hlýrri sjó. Í Finnmörku (nyrsta hérað Noregs) er þetta hlutfall HLL og ársframleiðslu því nálægt 0,85.

Ef gefin yrðu út leyfi í Ísafjarðardjúpi með 30 þús. tonna hámarks HLL, þýddi það um 25 þús. tonna ársframleiðslu af slægðum fiski að jafnaði ef miðað er við reynsluna í Finnmörku, en gengið er út frá sömu forsendum fyrir framleiðslu í Ísafjarðardjúpi.

Því er gengið út frá því hér að framleiðsla nái þeim hæðum með hæfilegum uppbyggingartíma.

Mat á HLL notkun í Noregi 2005-2017



Heimild: Marine Harvest, Salmon Farming Industry Handbook 2017
HLL: Hámarks leyfilegur lífmassi (MAB: Maximum Allowed Biomass)

Úr reglugerð um fiskeldi nr. 1170/2015:

Burðarþolsmat: Mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála. Hluti burðarþolsmats er að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi.

Framleiðslumagn í rekstrarleyfi:

- Eldi án kynslóðaskipta: Framleiðslumagn miðast við ársframleiðslu slátraðra tonna af óslægðum eldisfiski úr keri/kví. Ársframleiðsla er miðuð við almanaksár.
- Kynslóðaskipt eldi: Framleiðslumagn miðast við meðaltal ársframleiðslu slátraðra tonna af óslægðum eldisfiski úr kví einnar kynslóðar. Ársframleiðsla er miðuð við almanaksár.

© 2017 KPMG ehf. á Islandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Virðiskeðjan og Ísafjarðardjúp

Virðiskeðjan

Virðiskeðja fiskeldis er stundum til einföldunar skipt í þrennt eins og sjá má á flæðiritinu og myndunum hér til hliðar:

— Fóðurframleiðsla

— Seiðaframleiðsla á landi

— Fiskeldi í sjó og vinnsla

Virðiskeðjan og Ísafjarðardjúp


Eins og sakir standa er allt fóður framleitt utan Vestfjarða og flutt þangað. Hér er gert ráð fyrir að eingöngu lítill hluti hennar verði við Ísafjarðardjúp þegar 25 þús. tonna framleiðsla er hafin.

Þar sem seiðin eru flutt í tankskipum út í kvíarnar felst ekki mikið hagræði í nálægð seiðaeldisins. Þó gæti verið að það færi fram að einhverju leiti í Ísafjarðardjúpi, sér í lagi þar sem heitt vatn er að finna s.s. í inndjúpi. Nú þegar eru framleidd seiði á Nauteyri.

Allt sjóeldið fer fram í Ísafjarðadjúpi, og gert er ráð fyrir að sama eigi við um fiskvinnsluna.

Möguleg skammtímaáhrif

Ef eldisfyrirtækin eða þeirra birgjar velja sér að byggja upp fóðurframleiðslu og/eða seiðisframleiðslu á svæðinu má jafnframt búast við skammtímaáhrifum vegna þeirra uppbyggingar. Ekki er gert ráð fyrir þeim í þessu mati.



Heimild: Marine Harvest

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Landfræðileg skipting áhrifa

Landfræðileg dreifing áhrifa

Gera má ráð fyrir að beinu áhrif laxeldisins verði næstum að öllu leiti í sveitarfélögunum fjórum sem eiga land við Ísafjarðardjúp en það eru eins og sjá má á kortinu hér til hliðar Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðarvíkurhreppur og Strandabyggð.

Afleidd áhrif verða víða í samfélaginu eins og farið var yfir hér að framan. Á lárétta stöplaritinu hér til hliðar má sjá hvernig þau dreifast á hina ýmsu þætti hagkerfisins í Noregi.

Gera má ráð fyrir því að dreifingin verði með svipuðum hætti hér á landi en gæta verður þess að afleiddu áhrifin dreifast að einhverju leiti um landið og verða ekki öll í sveitarfélögunum við Ísafjarðardjúp.

Landfræðileg dreifing áhrifanna voru ekki rannsökuð sérstaklega við gerð SINTEF skýrslunnar, enda fjallar hún eingöngu um efnahagsleg áhrif á Noreg sem heild.


Gróft mat á dreifingu

Hér er því farin sú leið að leggja gróft mat á skiptingu þessara 10 óbeinu áhrifaþátta á milli nærsamfélags annars vegar sem að mestu eru áðurnefnd fjögur sveitarfélög við Djúp, og annarra landshluta hinsvegar.

Þetta mat á skiptingu er auðkennt með mismunandi litum í lárétta stöplaritinu hér til hliðar þar sem dökki liturinn táknar hlut nærsamfélags og sá ljósi hlut annarra landshluta.



Tíu stærstu óbeinu áhrif laxeldis á VÞF í Noregi 2014 og möguleg skipting á milli landshluta á Íslandi



Heimild: Sintef (Nasjonal betydning av sjømatnæringen), KPMG.

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Reynsla af annarri uppbyggingu

Samanburður við austurland

Nýjasta dæmið um sambærilega þróun, þ.e. mikla hlutfallslega aukningu starfa og umsvifa í landsbyggð sem berst við íbúafækkun er líklega áhrif byggingar álvers Alcoa á Reyðarfirði, en það tók til starfa fyrir sléttum tíu árum.

Ráðgjafarfyrirtækið Nýsir framkvæmdi árið 2006 mat á líklegri íbúaþróun á svæðinu og notaði eftirfarandi forsendur:


- Fjöldi íbúa héldist nánast stöðugur í 8 þús. manns ef ekki kæmi til framkvæmdanna.
- Fjöldi beinna starfa í álverinu yrði 400.
- Fjöldi óbeinna og afleiddra starfa í nærsamfélaginu yrði einnig 400.

Nýsir spáði því eins og sjá má á línuritinu hér til hliðar að fólksfjölgun yrði mikil á meðan framkvæmdum stæði en næmi um 2 þús. íbúum til langframa.

Af línuritinu má hinsvegar dæma að fjölgunin hefur verið nokkuð minni en spáð var eða um 1,2 þús. manns. Það nemur um 14,7% fjölgun eða sem nemur þrefaldri tölu beinna starfa.

Merkja má stöðuga fækkun fram að ákvörðun um byggingu álversins árið 2003. Íbúar í árslok 1997 voru alls 8.554 en hafði fækkað í 8.028 í árslok 2002. Hugsanlega var grunnforsenda Nýsis því of bjartsýn og gæti það skýrt þennan mun.

Íbúaþróun á mið- austurlandi frá 2002-2017



Heimild: Nýsir, 2006 (Mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa Fjarðaráls í Reyðarfirði) og Hagstofa Íslands

* Tölur fyrir 2. ársfjórðung 2017

Heimild: Nýsir, 2006 (Mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa Fjarðaráls í Reyðarfirði)

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Laxeldi - fjöldi starfa

Fjöldi starfa

Á línuritinu hér að neðan má sjá þróun á fjölda beinna starfa tengdu laxeldi í þremur nágrannalöndum okkar, Noregi, Færeyjum og Skotlandi fyrir hver 1 þús. tonn framleitt.

Sjá má að mjög mikill munur er á fjölda beinna starfa á milli landa og eru skýringarnar að helstu tvær.

— Laxeldi í Noregi er orðin þroskuð atvinnugrein og hefur farið í gegnum töluverða hagræðingu með tækniframförum og stækkun fyrirtækja. Ætla má að slíkt hið sama muni gerast í öðrum löndum þegar fram líða stundir.

— Fyrirtæki í Færeyjum hafa eftir áfallið 2003-2005 í auknu mæli sérhæft sig í dýrari afurðum sem byggir á mannaflsfrekari starfsemi. Einnig taka starfsmannatölur í Færeyjum til annarra starfa en eingöngu framleiðslu.

— Á Íslandi störfuðu 560 manns (bein störf 360 og óbein 200) við fiskeldi árið 2016 og nam framleiðsla þess árs um 15 þús. tonnum. Framleiðsla í laxeldi nam um 8,4 þús. tonnum í árslok 2016, sem er mesta framleiðsla sl. 10 ár. Gert er ráð fyrir starfsmönnum fækki á hver 1 þús. tonn og nálgast Skotland þegar framleiðsla nálgast 25 þús. tonn við Ísafjarðardjúp.

Ástæða þess að störfum fækkar á hver þúsund tonn í fiskeldi í Noregi, Færeyjum og Skotlandi er vegna meiri hagræðinu og því má áætla að slíkt muni eiga sér stað á Íslandi.


Störf og framleiðsla fyrirtækja í rekstri á Íslandi skv. upplýsingum frá Landssambandi fiskeldisstöðva.

— Arnarlax: Framleiðsla 6.500 tonn og 100 bein störf.

— Fiskeldi Austfjarða: Framleiðsla 3.000 tonn og 50 bein störf

— Íslandsbleikja: Framleiðsla 5.000 tonn og 65 bein störf

Starfsmenn í fiskeldi á hver 1000 tonn (bein störf)



Heimild: Hagstofa Færeyja, Marine Scotland Science – Scottish Fish Farm Production Survey 2015, Directorate of Fisheries in Norway og Landssamband fiskeldisstöðva

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

KPMG

Efnahagsáhrif og íbúaþróun

Bein, óbein og afleidd áhrif

Bein áhrif

Bein áhrif eru skilgreind sem efnahagsáhrif þeirrar starfsemi sem verður til í beinum tengslum við viðkomandi laxeldi. Hér er átt við bein efnahagsáhrif þeirra fyrirtækja sem starfa við þessa atvinnugrein.

— Mikilvægt er því að kortleggja atvinnugreinina til að átta sig á hvað beri að telja til beinna áhrifa hennar.

Óbein og afleidd áhrif

Óbein áhrif er sú starfsemi sem verður til utan atvinnugreinarinnar vegna athafna hennar. Dæmi um þetta er m.a. aðföng í atvinnugreininni sem skapa tekjur í fyrirtækjum utan hennar. Þessi fyrirtæki nota svo aðföng frá öðrum fyrirtækjum og þannig gengur efnahagshringrásin koll af kolli. Margs konar fyrirtæki tengjast laxeldi beint eða óbeint og erfitt getur reynst að bera kennsl á þessi tengsl.

— Til að rekja þau má hugsa sér einhvers konar kortlagningu viðskipta á milli fyrirtækja sem dregur fram í dagsljósið innbyrðis tengsl þeirra. Til að framkvæma slíka greiningu væri nauðsynlegt að leggja fram ítarlegan fyrirspurnalista til allra fyrirtækja í laxeldi.

— Þó slík greining væri möguleg yrði hún dýr og einnig er ólíklegt að fyrirtækin myndu vilja láta slíkar upplýsingar af hendi þar sem slík gögn varða oft sjálfan rekstrargrundvöll fyrirtækjanna og þ.a.l. samkeppnisstöðu þeirra.

— Með afleiddum áhrifum er átt við áhrif sem verða til vegna beinna og óbeinna áhrifa. Auðveldast er að hugsa sér þessi áhrif þannig að þegar eftirspurn eftir vöru eða þjónustu eykst reynist nauðsynlegt að auka framleiðslu þeirrar vöru eða þjónustu. Aukning framleiðslu kallar á aukið vinnuafl sem aftur eykur tekjur heimila. Aukning á tekjum heimilanna eykur svo neyslu þeirra sem kallar á enn meiri framleiðslu fyrirtækjanna.

Ruðningsáhrif

— Hugtakið ruðningsáhrif er haft um veiklun atvinnugreina á tilteknu svæði við það að þar hefst atvinnurekstur sem hinn eldri á erfitt með samkeppni við. Aukin samkeppni verður þannig um ýmsa framleiðsluþætti s.s. vinnuafl, lóðir, húsnæði, fjármagn o.fl. Stórfelld uppbygging nýrrar atvinnugreinar á ákveðnu svæði er því líkleg til að hafa neikvæð áhrif á aðrar greinar. Rétt er að taka tillit til ruðningsáhrifa stórfelldrar uppbyggingar í fiskeldi við Djúp, en sökum þess að töluverður slaki er talin vera í atvinnulífi héraðsins nú er þess ekki að vænta að slíkra áhrifa gæti fyrr en að atvinnugreinin hafi náð nokkurri stærð, eins og rakið verður hér á eftir.



Heimild: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Fjöldi starfa

Bein störf - áætlun

Áætlað er að hámarksfjöldi beinna starfa verði um 260 sem næst á ári 7 eftir að framleiðsla hefst. Ekki er gert ráð fyrir meiri framleiðslu en 25 þús. tonnum og þess vegna fer beinum störfum að fækka vegna hagræðingar í greininni.

Í öllum samanburðarlöndunum hefur greinin farið í gegnum hagræðingu þegar hægir á magnaukningu í framleiðslunni sem hefur valdið fækkun á störfum til frambúðar. Gert er ráð fyrir að slíkt hið sama verði tilfellið hér á Íslandi.

Óbein og afleidd störf - áætlun


Við mat á óbeinum og afleiddum áhrifum var stuðst við tölur frá Noregi og Írlandi. Notaður var stuðullinn 2,59 (frá Noregi) í upphafi sem lækkar síðan í stuðulinn 1,41 (frá Írlandi), því allar líkur eru á að ruðningsáhrifa fari að gæta þegar atvinnugreinin vex með þeim hraða sem hér er spáð.

— Hlutfall beinna og óbeinna áhrifa er 2,59 í Noregi og er þar ekki tekið eins mikið tillit til mögulegra ruðningsáhrifa sem starfsemin getur haft í för með sér.


— Sambærilegur stuðull er 1,41 á Írlandi enda er tekið frekara tillit til áætlaðra ruðningsáhrifa þar.

Áætlað er að hámarksfjöldi óbeinna starfa verði um 150 sem næst á ári 7 eftir að framleiðsla hefst. Ekki er gert ráð fyrir meiri framleiðslu en 25 þús. tonn og vegna þess fer óbein störfum að fækka vegna hagræðingar í greininni.

Þróun framleiðslu laxeldis í Ísafjarðardjúpi



Áætlun um fjölda starfa (bein og óbein/afleidd)



Heimild: Sintef (Nasjonal betydning av sjømatnæringen) og Marine Policy (The economic impact of aquaculture expansion)

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Íbúaþróun

Forsendur

Við mat á áhrifum þessarar mögulegu atvinnuuppbyggingar á íbúaþróun er í meginatriðum stuðst við vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands, umfjöllun Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða,og mat á áhrifum álvers Alcoa á Reyðarfirði sem fjallað var um hér að framan.

— Í skýrslu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða um hagræn áhrif af laxeldisuppbyggingu á Vestfjörðum er gert ráð fyrir að með hverjum starfsmanni fylgi að jafnaði um 2,4 íbúar að meðaltali (bæði makar og börn)

— Í skýrslu Nýsis um mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa Fjarðaráls í Reyðarfirði sem fjallað er um á bls. 20, er gert ráð fyrir að hverjum starfsmanni fylgi að jafnaði um 2,0 íbúar (bæði makar og börn).

— Skv. nýjustu vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands var vinnuafl landsins um 203 þús. manns og fjöldi starfandi voru 199 þús. Mannfjöldi eftir fyrstu 3 mánuði ársins 2017 voru um 340 þús. Ársverk eru því rúmlega 50% af íbúafjölda.

Mat á áhrifum íbúaþróunar

Mat á áhrifum uppbyggingar 25 þús. tonna laxeldis við Ísafjarðardjúp má sjá á línuritinu hér til hliðar. Þegar áhrifanna gætir sem mest búa rétt rúmlega 900 fleiri á svæðinu en ella.

Eftir það fara áhrifin eitthvað að dvína að fyrrnefndum sökum, en hér er ekki verið að spá fólksfækkun því margt annað jákvætt gæti gerst sem ekki er tekið hér með í reikninginn s.s. uppbygging fóðurframleiðslu sem að mestu leiti er haldið fyrir utan þessa útreikninga.

Heimild: Nýsir, 2006 (Mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa Fjarðaráls í Reyðarfirði) og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða


Störf

Fjöldi starfa (bein og óbein) eru talin verða mest á tíunda ári eftir að leyfi verða gefin út, en eftir það taki við hagræðingartímabil. Frekari uppbygging í stoðþjónustu og úrvinnslu á svæðin gæti þó breytt þessu. Bein störf eru talin verða um 260, og eru óbein og afleidd áhrif talin skapa um 150 ársverk til viðbótar. Því eru það samtals 410 störf sem framleiðsla á 25.þús tonnum af laxi á ársgrundvelli er talið skapa í sveitafélögunum við Djúp. Um 900 íbúar eru því taldir byggja afkomu sína á laxeldi á þessum tíma.

Íbúar

Með vísan í forsendurnar þrjár hér til hliðar og útreikninga á fjölda starfa hér að framan er áætlað að þegar fjöldi beinna og óbeinna starfa nái hámarki eða 410 eftir 11 ár má áætla að laxeldið hafi áhrif til fjölgunar íbúa um 900 manns í sveitafélögunum við Djúp.

Íbúaþróun vegna fiskeldis



© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Mögulegar tekjur vegna eldis (bein áhrif)

Verð á eldislaxi


Verð (e. spot price) á eldislaxi flöktar nokkuð mikið, en frá ársbyrjun 2015 til ársloka 2016 var gríðarleg hækkun.

— Ástæða þess var vegna lækkunar á gengi NOK, hækkandi hitastig í sjó og hæfilegs magns af fiski til framleiðslu.

Á árinu 2017 hefur verðið lækkað mikið og er á sama stað og í árslok 2015.

Í dag er verð á laxi milli 41,6 (1-2 kg) til 67,3 (9+ kg) NOK á kíló. Kílóverð er hærra eftir því sem laxinn er þyngri.

Sögulegt verð á eldislaxi frá 2015 til 2017




Heimild: Nasdaq

Mögulegar tekjur

M.v. framleiðslu upp á 25 þús. tonn er söluverðmæti um 16,7 ma.kr. m.v. meðalgengi á NOK/ISK á árinu 2017 og föstu verði á hvert selt kíló sem nemur um 670 krónur.

— Gert er ráð fyrir óbreyttu verði út framleiðslutímabilið.

Tekjustreymi m.v. framleiðslu á 25 þús. tonnum



Heimild: Nasdaq og Seðlabanki Íslands.

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Efnahagsleg áhrif laxeldis

Bein áhrif - áætlun

Áætlað er að hámarksframleiðsla verði 25 þús. tonn. Framleiðsla eykst hraðar í byrjun, en hægja fer á aukningu þar til hún nær hámarki 10 árum eftir að framleiðsla hefst.

Hafa ber í huga að ekki er gert ráð fyrir óvæntum framleiðslubresti í laxeldinu eins og hefur komið fyrir hjá Noregi, Færeyjum og Skotlandi. Því er gert ráð fyrir nokkuð stöðugum vexti þar til framleiðsla nær hámarki.

Áætluð bein áhrif við hámarksframleiðslu nemur 16,7 ma.kr. eins og nefnt var á glærunni hér á undan.


Óbein og afleidd áhrif - áætlun

Við mat á óbeinum og afleiddum áhrifum var stuðst við tölur frá Noregi og Írlandi.

- Stuðull frá Noregi milli beinna og óbeinna áhrifa er 2,59 en 1,41 á Írlandi.
- Stuðullinn í Noregi er brúttó þ.e. án ruðningsáhrifa en stuðull í Írlandi er nettó.
- Við mat á stöðu á Íslandi var því notaður áætlaður stuðull fyrir Noreg (2,59) í upphafi þar sem ekki er tekið eins mikið tillit til mögulegra ruðningsáhrifa sem starfsemin getur haft í för með sér.
- Eftir því sem umfang laxeldis vex má gera ráð fyrir að ruðningsáhrif láti á sér kræla. Því er farin sú leið hér að miða við stuðul með ruðningsáhrifum undir lok spátímabilsins (1,41).

Skv. þessu ná bein og óbein áhrif um 23 ma.kr.

Efnahagsleg áhrif (bein, óbein og afleidd) m.v. framleiðslu á 25 þús. tonnum



Heimild: Sintef (Nasjonal betydning av sjømatnæringen)

© 2017 KPMG ehf. á Islandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Efnahagsleg áhrif laxveiða á stöng

Í Ísafjarðardjúp renna þrjár ár þar sem að jafnaði eru stundaðar laxveiðar á stöng. Þetta eru Langadalsá og Hvannadalsá sem renna saman til sjávar í mynni Ísafjarðar svo og Laugardalsá sem rennur til sjávar í Strandseljarvík.

Í töflunni hér til hliðar má sjá veiðitölur úr þessum ám á tímabilinu 2011 - 2016 auk heildarveiði á landinu öllu. Af þeim má sjá að hlutdeild þessara þriggja áa nemur um 1,3% af heildarstangveiði á landinu frá árinu 2011 til 2015.

— Tekjur af stangveiði í Langadalsá voru um 10,5 m.kr. árið 2016.

— Ef skoðað er hlutfall tekna Langadalsá af fjölda veiddra laxa allra þriggja áanna má gróflega áætla að heildartekjur þessara þriggja áa nemi á bilinu 20-25 m.kr.

Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2005 var gerð grein fyrir efnahagslegum áhrifum lax- og silungsveiði og stöðu auðlindarinnar. Í skýrslunni voru efnahagsleg áhrif (m.v. verðlag í maí 2004) innlendra og erlendra stangveiðimanna á Íslandi þau að:

— Bein áhrif á bilinu 1,7 – 2,1 ma.kr. (3,3 – 4,0 ma.kr. m.v. verðlag í árslok 2016). Óbein áhrif á bilinu 6,1 – 7,0 ma.kr. (11,4 – 13,1 ma.kr. m.v. verðlag í árslok 2016)

— Samtals efnahagsleg áhrif voru því 7,8 – 9,1 ma.kr. (14,7 – 17,1 ma.kr. m.v. verðlag í árslok 2016)

M.v. verðlag í árslok 2016 og hlutdeild Laugardalsár, Langadalsár og Hvannadalsár af heildarveiði (1,3%) má reikna með að bein efnahagsleg áhrif nemi á bilinu 42-53 m.kr. og óbein áhrif nema um 148-170 m.kr. m.v. útreikninga hagfræðistofnunar.

— Samtals nema því bein og óbein áhrif þessara þriggja áa um 190-230 m.kr.

Heimild: Hagfræðistofnun Íslands.

Stangveiði - fjöldi veiddra laxa (skráð)

	Laugardalsá	Langadalsá	Hvannadalsá	Heildar-veiði	Hlutfall af heild
2011	184	263	108	55.706	1,0%
2012	159	152	72	34.786	1,1%
2013	404	457	213	68.042	1,6%
2014	138	158	68	33.598	1,1%
2015	521	453	66	71.708	1,5%
2016*	251	245		43.458	1,1%

Heimild: Landssamband veiðifélaga, Lax-á, Veiðimálastofnun,

Heildaráhrif laxeldis

Stuðst er við stöðu á ári 7 í framleiðslu þegar hún er í hámarki sem miðar við 25 þús. tonn.

— Heildaráhrif laxeldis við Ísafjarðardjúp á því ári eru þá talin nema um 23 ma.kr.

Samanburður

Áhrif stangveiði á þessu nemur því undir 1% af áhrifum laxeldis..

Ekkert bendir til þess að þessar tvær atvinnugreinar geti ekki lifað í sátt og samlindi ef rétt er staðið að málum. Efnahagsleg áhrif laxeldis yrði því hrein viðbót við áhrif stangveiðanna.

Sérfræðingar hafa bent á að hætta á erfðablöndun við náttúrulega stofna í ánum skapist vegna slysasleppinga úr fiskeldiskvíum. Hér er ekki tekið tillit til mögulegra áhrifa þessa á tekjur veiðileyfishafa enda liggja ekki fyrir haldbærar upplýsingar þar um.

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Skattaspor (1 af 2)

Skattaleg áhrif fyrir ríkissjóð og sveitarfélög

Skattaspor er aðferðafræði sem greinir framlag viðkomandi starfssemi til samfélagsins í formi skattgreiðslna. Skattaspor fyrirtækis nær til allra skattgreiðslna til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða vegna starfsemi fyrirtækis eða atvinnugreinar sem það/hún þarf að standa skil á.

Beinir skattar

Tekjuskattar

- Ekki er gert ráð fyrir greiðslu tekjuskatts fyrstu árin.
- Erfitt er að áætla tekjuskatt þar sem fjármögnunarkjör eru óþekkt. En greiddur er 20% tekjuskattur af afkomu félags sem rennur í ríkissjóð, nema ef félögin gera fjárfestingasamning við ríkið og falli þá í 15% skattþrep fyrstu árin.
- Af ársreikningum erlendra félaga með þroskaða starfsemi má sjá að hagnaður fyrir skatta er nokkuð sveiflukenndur en liggur á bilinu 10%-40% af tekjum.
- Hér er gert ráð fyrir að 10 árum eftir að starfsemi hefst og reksturinn er kominn í jafnvægi sé eðlilegt að miða við 20% hagnaði fyrir skatta og hann skattlagður með 20% hlutfalli,
- Tekjuskattur af 16,7 ma.kr. umfangi nemi því um 670 m.kr.

Óbeinir skattar

Ekki er tekið tillit til mögulegs auðlindargjalds af greininni en í tillögum starfshóps um stefnumótun í fiskeldi er lagt til að auðlindargjald verði síðar lagt á og með því myndu heildargreiðslur hækka.

- Í skýrslu starfsóps um stefnumótun í fiskeldi er miðað við að gjaldið geti verið allt að 15 kr. á hvert framleitt kg af eldislaxi. Ef gjaldið er miðað við 15 kr. á hvert framleitt kg þá nemur sú fjárhæð 375 m.kr. við 25 þús. tonna framleiðslu.

Heimild: RSK, gjaldskrá Ísafjarðarbæjar, Matvælastofnun, skýrsla starfshóps um um stefnumótun í fiskeldi

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Skattaspor (2 af 2)


Greiðslur til hins opinbera og lífeyrissjóða

Heildargreiðslur nema um 1,7 ma.kr. þegar framleiðsla er í hámarki og flest bein störf verða til og skipast greiðslur þannig á milli opinberra aðila:

- Greiðslur til ríkissjóðs um 1.070 m.kr.
- Greiðslur til sveitarfélaga um 380 m.kr.
- Greiðslur til lífeyrissjóða um 250 m.kr.

Helstu forsendur og fjárhæðir í skattaspori			
	Forsenda	m.kr	Aths.
Tekjuskattur	Áætlað	670	Tekið mið af ársreikninum erl. Félaga
Aðflutningsgjöld	Áætlað	46	Áætlun út frá öðrum laxeldisfyrirtækjum
Staðgreiðsla	36,94%	194	Skatthlutfall í staðgreiðslu er 36,94%
Útsvar sveitarfélaga	14,52%	233	Gert er ráð fyrir hámarksútsvari
Tryggingargjald	6,85%	110	Skv. núverandi gjaldi
Lífeyrissjóður	4%,12%	256	Eigið framlag 4% og mótframlag launagreiðanda 12%
Hafnargjald	0,79%	132	Gjaldskrá Ísafjarðarhafnar fyrir árið 2017
Umhverfissjóður	12 SDR	45	Fyrir hvert tonn framleitt (uppl. frá MAST)
Önnur gjöld		12	
Samtals		**1.698**	

Greiðslur til hins opinbera og lífeyrissjóða - skipting



Heimild: RSK, gjaldskrá Ísafjarðarbæjar, Matvælastofnun, skýrsla starfshóps um um stefnumótun í fiskeldi

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

KPMG

Viðauki

Viðauki

Heimildaskrá

Hagstofa Íslands (íbúaþróun)

— https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/

Byggðastofnun (hagvöxtur landshluta og byggðaleg áhrif fiskeldis)

— https://www.byggdastofnun.is/static/files/Hagvoxtur/hagvoxtur_landshluta_2008-2015.pdf

— https://www.byggdastofnun.is/static/files/Fiskeldi/byggdaleg_ahrif_fiskeldis.pdf

FAO – Food and Agriculture Organization of the United Nations (laxeldi í heiminum)

— http://www.fao.org/fishery/statistics/global-aquaculture-production/en

Hagfræðistofnun Íslands (Beint og óbeint framlag áliðnaðar til landsframleiðslu)

— http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/C-Series/2011/C11_06_Beint_og_obeint_framlag_alidnadar.pdf

Directorate of Fisheries in Norway (framleiðsla og störf í Noregi)

— https://www.fiskeridir.no/English/Aquaculture/Statistics/Atlantic-salmon-and-rainbow-trout

Hagstofa Færeyja (framleiðsla og störf í Færeyjum)

— http://statbank.hagstova.fo/pxweb/en/H2/H2__VV__VV02/hav_tikin.px/?rxid=80ac0511-4949-4a29-8905-28ee59336ed1

— http://statbank.hagstova.fo/pxweb/en/H2/H2__AM__AM03/lont_vgmd.px/?rxid=80ac0511-4949-4a29-8905-28ee59336ed1

Marine Scotland Science – Scottish Fish Farm Production Survey 2015 (framleiðsla og störf í Skotlandi)

— http://www.gov.scot/Resource/0050/00505162.pdf

Landssamband fiskeldisstöðva – (hagtölur og staðreyndir um fiskeldi)

— http://www.lf.is/is/nokkrar-stadreyndir-um-fiskeldi-a-islandi/

— http://www.lf.is/is/hagtolur/

Veiðimálastofnun og Fiskistofa - svæði sem heimilt er að stunda fiskeldi

Skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi

— https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=9d0e56b5-87fa-11e7-9419-005056bc4d74

— https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=9d0e56b6-87fa-11e7-9419-005056bc4d74

Sintef (Nasjonal betydning av sjømatnæringen)

— https://www.sintef.no/contentassets/293419701424487a9579e5216bba5c0d/sintef-rapport-16---ringvirkningsanalyse-norsk-sjomatnaring.pdf

Nýsir (Mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers Alcoa Fjarðaráls í Reyðarfirði)

— http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/562/Vidauki%206.PDF

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða (Hagræn áhrif af laxeldisuppbyggingu á Vestfjörðum

— https://www.atvest.is/greiningar_utgafa_skyrslur/skra/85/

Nasdaq (verðvísitölur á laxi)

— https://salmonprice.nasdaqomxtrader.com/public/report?0

Hagfræðistofnun Íslands (Lax- og silungsveiði á Íslandi – efnahagsleg áhrif)

— http://www.ioes.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/C-Series/2004/C0406-Lax-og-silungsveidi-a-Islandi-efnahagsleg-ahrif.pdf

Landssamband veiðifélaga, Lax-á, veiðimálastofnun (veiðitölur)

— http://www.angling.is/is/veidivotn/laxveidiar/a-vestfiordum/

— https://www.lax-a.is/island/laxveidi/laxveidi-an-thionustu/langadalsa/

— http://www.veidimal.is/Files/Skra_0075486.pdf

— http://veidimal.is/Files/Skra_0071558.pdf

Upplýsingar fyrir skattaspor

— http://www.isafjordur.is/gjaldskrar_isafjardarbaejar_1_januar_2017/skra/481/

— https://www.rsk.is/atvinnurekstur/skattar-og-gjold/tryggingagjald/

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

kpmg.com/socialmedia

kpmg.com/app

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

R17090119
28 sept. 2017

Umsögn

Efni: Fjárlagafrumvarp 2018
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Í þessari umsögn er fjallað um nokkur atriði í frumvarpi til fjárlaga 2018 sem snerta mikilvæga hagsmuni Reykjavíkurborgar.

1. Fjárhagsleg samskipti á sviði velferðarmála

1.1. Málaflokkur fatlaðs fólks

Við yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 var gert ráð fyrir að fjármögnun málaflokksins yrði tryggð að fullu með hækkun útsvars. Stærsti hluti útsvarsaukans gengur til Jöfnunarsjóðs skiptir þessum fjármunum milli þjónustusvæða/sveitarfélaga að mestu á grunni þjónustuþyngdar (SIS mats) en hluti útsvaraukans gengur beint til þjónustusvæða/sveitarfélaga. Þrátt fyrir mikið kostnaðaraðhald hjá Reykjavíkurborg hefur þessi þjónusta kostað mun meira frá yfirfærslu málaflokksins heldur en framlög Jöfnunarsjóðs og viðbótarútsvar sveitarfélagsins hafa staðið undir, sbr. eftirfarandi töflu.

Málefni fatlaðs fólks	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017*
Tekjur	4.153	4.804	5.098	5.246	5.993	6.656	3.301
Gjöld	4.430	4.868	5.512	6.233	7.074	8.018	4.427
Tekjur umfram gjöld	**-277**	**-64**	**-414**	**-987**	**-1.082**	**-1.362**	**-1.126**
Uppsafnaður mismunur	**-277**	**-341**	**-755**	**-1.742**	**-2.824**	**-4.186**	**-5.312**

*Fyrstu 6 mán 2017

Fljótlega eftir yfirfærsluna kom í ljós að málaflokkurinn hafði glímt við langvarandi svelti bæði hvað varðar launakostnað og aðstöðu. Reykjavíkurborg varð á grundvelli jafnlaunastefnu sinnar að tryggja starfsmönnum í málaflokknum sömu kjör og starfsmönnum borgarinnar í sambærilegum störfum. Þetta jók strax kostnað til muna. Frá yfirfærslu hefur velferðarráðuneytið aukið við þjónustukröfur á margan hátt án þess að framlög til Jöfnunarsjóðs hafi verið aukin til að fjármagna þetta. Í samþykktri fjármálaáætlun, sem er grundvöllur fyrirliggjandi fjárlagafrumvarps, kemur fram að gert er ráð fyrir að auka enn þjónustukröfur með tilheyrandi útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin án þess að fram komi í fjármálaáætlun hvort og þá hvernig þessum kostnaðarauka verður mætt. Hér má nefna sem dæmi fullgildingu á samningi Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og lögfestingu NPA.

Reykjavíkurborg gerir þá kröfu að ríkið tryggi í fjárlagafrumvarpi fulla fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í samræmi við þjónustukröfur sem ríkið hefur sett og raunverulegan kostnað við að veita þjónustuna.

R17090119
28 sept. 2017

Hér eftir eru helstu verkefni í málaflokknum þar sem brýnt er að ríkið komi að með aukni fjármagni í fjárlögum næsta árs:

1.1.1. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Við endurskoðun á samkomulaginu um yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga árið 2015 var þetta úrlausnarefni skilið eftir og gert ráð fyrir að samningsaðilar myndu semja síðar um fyrirkomulag og fjármögnun á notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA). Engir samningar liggja fyrir um þetta efni. Staðan er sú á árinu 2017 að gert er ráð fyrir 13 samningum og að greiðslur til NPA notenda nemi 292 mkr. Mikill þrýstingur er af hálfu velferðarráðuneytisins á sveitarfélögin að fjölga þessum samningum en á hinum Norðurlöndunum er staðan sú að menn eru að hverfa frá þessu þjónustuformi vegna þess að kostnaðurinn hefur farið úr böndum. Þjónustuformið felur í sér aukið þjónustustig frá því sem verið hefur.

Í fjárlagafrumvarpi 2018 er gert ráð fyrir því að 70 mkr verði varið til NPA og lögð eru fram markmið um lögfestingu þjónustuformsins. Framlög í fjárlagafrumvarpi 2018 eru í takt við framlög síðustu ára, en Reykjavíkurborg hefur bent á að ríkið verði að koma að fjármögnun NPA samninga með miklu sterkari hætti. Sú aukning á þjónustustigi sem NPA samningar fela í sér kalla á aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin og hefur lögfesting formsins þannig bein áhrif á útgjöld sveitarfélaga.

Reykjavíkurborg gerir þá kröfu að ríkið komi að fjármögnun NPA samninga með miklu sterkari hætti en frumvarpið gerir ráð fyrir enda er verið að lögbinda gríðarlega dýrt form af úrræði. Reykjavíkurborg telur eðlilegast að ríkið finni leið til að fjármagna allan viðbótarkostnað við að veita NPA þjónustu í stað hefðbundinnar þjónustu og að þessa verði gætt við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2018.

1.1.2. Börn með fjölþættan vanda

Við endurskoðun á samkomulaginu um yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga frá árinu 2015 var þetta úrlausnarefni skilið eftir og gert ráð fyrir að samningsaðilar myndu semja síðar um fyrirkomulag og fjármögnun á þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Frá því að skýrsla starfshóps velferðarráðuneytisins um þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir var gefin út í nóvember 2013 hefur Reykjavíkurborg lagt sig fram um að nálgast málefni umræddra barna á grundvelli tillagna starfshóps ráðuneytisins. Þetta hefur m.a. verið gert á grundvelli þess að velferðarráðherra hefur opinberlega tjáð sig á þann hátt að ríkið eigi að bera stóran hluta þessa kostnaðar. Þessi viðbótarkostnaður hefur hins vegar lent af miklum þunga á Reykjavíkurborg. Kostnaður á árinu 2016 vegna átta barna með fjölþættan vanda, þar af tveimur sem komu í þjónustu á síðustu mánuðum ársins, var um 396 mkr. Á árinu 2017 er gert ráð fyrir að kostnaður vegna þessara átta barna verði um 550 mkr. Uppsafnaður kostnaður vegna þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir frá árinu 2015 til 2017 nemur 1.100 mkr. Árið 2017 er gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður veiti aðeins framlög vegna þriggja af þessum börnum og að framlögin nemi 263,5 mkr á grundvelli kostnaðar. Í frumvarpi um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir hefur verið gert ráð fyrir viðbótarframlögum til þessara verkefna sem koma að fullu til framkvæmda árið 2019 en ekki er ljóst hvort gert sé ráð fyrir þessu í fjárlagafrumvarpi.

Reykjavíkurborg ber nú þegar stóran hluta þessa kostnaðar og gerir kröfu um að við afgreiðslu fjárlaga verði tryggðar fjárveitingar til þessa verkefnis.

1.1.3. Uppsafnaður vandi vegna biðlista í sértækri búsetu

Sértæk húsnæðisúrræði eru íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks og er einvörðungu ætlað fyrir fólk sem hefur staðfesta fötlunargreiningu. Í júní 2017 var fjöldi einstaklinga á biðlista eftir sértækum búsetuúrræðum 160, sem skiptist á milli geðfatlaðra og þroskahamlaðra. Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður við að leysa upp alla biðlista eftir sértækri búsetu er 2.281 m.kr.

Biðlisti eftir sértækum búsetuúrræðum í júní 2017	Fjöldi rýma	Áætlaður kostnaður
Geðfatlanir alls	**42**	**463.260**
Þjónustuflokkur I	12	98.792
Þjónustuflokkur II	9	107.025
Þjónustuflokkur III	21	257.443
Þroskahamlanir alls	**118**	**1.818.026**
Þjónustuflokkur I	51	483.748
Þjónustuflokkur II	44	712.901
Þjónustuflokkur III	23	621.378
Samtals	**160**	**2.281.287**

Reykjavíkurborg gerir þá kröfu að ríkið komi með aukin framlög vegna uppbyggingar á sértækum búsetuúrræðum. Meginþungi þessa verkefnis lendir hjá Reykjavíkurborg sem höfuðborg þar sem erfitt er að fá þá margvíslegu sérhæfðu þjónustu á öðrum stöðum sem notendur þurfa á að halda.

1.1.4. Niðurlagning herbergjasambýla

Samkvæmt gildandi framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks er kveðið á um niðurlagningu herbergjasambýla. Í Reykjavík eru starfrækt 14 herbergjasambýli og mun breyting þess búsetuforms kalla á aukna fjárveitingu. Gróft mat á kostnaði er á bilinu **200 – 250 mkr**.

Í drögum að frumvarpi til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir er fjallað um rétt fatlaðs einstaklings til þjónustu þar sem hann kýs að búa. Ef gert er ráð fyrir að fólk hafi algerlega frjálst val um það hvar það býr þá getur það haft í för með sér mikinn kostnaðarauka fyrir sveitarfélagið að veita þjónustu á þeim stað þar sem að viðkomandi kýs að búa. Einnig kemur fram í frumvarpinu að fatlað fólk á rétt á því að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra. Ljóst er að slíkt ákvæði þar sem einstaklingur hefur algert val um búsetu myndi fela í sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélagið.

Reykjavíkurborg gerir þá kröfu að þessi þjónusta verði að fullu fjármögnuð af ríkissjóði.

1.1.5. Vinnumiðuð stoðþjónusta

Eftirfarandi er mat á kostnaði við uppbyggingu í vinnumiðaðri stoðþjónustu út frá fyrirliggjandi og áætlaðri þörf út frá nýliðun. Kostnaður við fyrsta áfanga nemur **204 mkr**. Þá er gert er ráð fyrir 40 nýjum rýmum í Vinnu og virkni. Meðalverð á núverandi dagþjónusturýmum eru lögð til grundvallar samtals 5.100.000 kr. á rými. Kostnaður við annan áfanga yrði **324 mkr**. Þá er gert ráð fyrir 30 nýjum rýmum þar sem áhersla er lögð á tengsl við atvinnulífið og starfsmenn gætu fylgt viðkomandi út í fyrirtæki hluta úr degi. Til grundvallar er kostnaður á

rými við Gylfaflöt sem Reykjavíkurborg rekur samtals 10,8 m.kr. á rými. Heildarkostnaður við 70 ný rými í vinnumiðaðri stoðþjónustu samtals **528 m.kr**. á ári

Til að mæta uppbyggingu og nýliðun í vinnumiðaðri stoðþjónustu þarf alþingi að tryggja fjármagn við afgreiðslu fjárlaga og í næstu fjármálaáætlun.

1.1.6. Lengd viðvera fatlaðra skólabarna

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að í samræmi við áform um lögfestingu á frístundaþjónustu við fatlaða nemendur í grunn- og framhaldsskólum eru áætlaðar 30 mkr til verkefnisins.

Hallarekstur vegna frístundaþjónustu við fötluð börn og ungmenni var **332 mkr.** á árinu 2016. Uppsafnaður halli frá árinu 2011 nemur því um **1,4 ma.kr**.

Um leið og þjónusta sveitarfélaga vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og unglinga hefur verið lögfest verður að tryggja fulla fjármögnun á þessu verkefni í fjárlögum.

1.1.7. Fullgilding samnings Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðs fólk

Óljóst er hver kostnaður vegna fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðs fólks geti orðið. Með aukinni kröfu um sveigjanlegri þjónustu og aukna valmöguleika fyrir fatlað fólk varðandi þjónustuleiðir og búsetuform mun kostnaður sveitarfélagsins aukast til muna.

Mikilvægt er að fram komi skýrt mat á þjónustukröfum og kostnaði sem leiða af fullgildingunni og ríkið tryggi fjármögnun á öllum viðbótarkostnaði sveitarfélaganna og það þarf að sjást í fjárlagafrumvarpi.

1.2. Utangarðsfólk

Reykjavíkurborg er með margvíslega þjónustu við utangarðsfólk og m.a. tvö neyðargistiskýli fyrir heimilislaust fólk. Um er að ræða þjónustu og verkefni sem sveitarfélögum eru falin með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1990 með síðari breytingum. Það er ljóst að þjónusta Reykjavíkurborgar gagnvart heimilislausum körlum og konum án gjaldtöku er að nýtast einstaklingum úr öðrum sveitarfélögum þar sem þessu er ekki sinnt. Verið er að vinna að samningum hvað varðar þjónustu neyðargistiskýla. Ríkið hefur mjög takmarkað komið að þeirri þjónustu sem borgin veitir þessum hópi einstaklinga en þó með tímabundinni aðkomu að rekstri eins heimilis. Árlegur kostnaður Reykjavíkurborgar er um **380 mkr**.

Reykjavíkurborg telur að þetta verkefni eigi að fá fullan stuðning ríkissjóðs og þess eigi að sjá stað í fjárlagafrumvarpi þar sem um skýrt höfuðborgarverkefni er um að ræða.

2. Fjárhagsleg samskipti á sviði heilbrigðis- og öldrunarmála

2.1. Hjúkrunarheimli

Á árinu 2016 nam hallarekstur hjúkrunarheimila í Reykjavík **254 mkr.** en samtals nemur uppsafnaður halli á tímabilinu 2008 til 2016 um **2.126 mkr**. Í daggjöldum ekki tekið tillit til þess að borgarsjóður stóð undir fjárfestingum vegna Droplaugarstaða og Seljahlíðar en ekki ríkið. Þrátt fyrir það hafnar ríkið að bæta borginni húsnæðiskostnaðinn sem er meginástæða hallarekstrarins. Vonir eru bundnar við nýjan rammasamning við ríkið.

Það er krafa Reykjavíkurborgar að við afgreiðslu fjárlaga verði tryggt að daggjöld vegna reksturs hjúkrunarheimila sveitarfélaga, sem sjálf hafa fjármagnað uppbyggingu húsnæðis, taki mið af raunverulegum húsnæðiskostnaði.

2.2. Dagdvöl aldraða

Fjöldi plássa í almennri dagdvöl í Reykjavík eru 88 . Miðað við íbúafjölda er fjöldi plássa í Reykjavík pr. 1000 íbúa 0,72%. Til samanburðar er meðalhlutfallið í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu 1,34%. Það hallar því verulega á möguleika Reykvíkinga til að komast í dagdvöl miðað við nágrannasveitarfélögin. Á biðlista eftir dagdvöl voru 60 einstaklingar í júní 2017 og var meðaldur þeirra 85 ár. Verulegur þrýstingur er á fjölgun dagdvalarrýma í Reykjavík en forsenda þess að Reykjavík fjölgi dagdvölum er að greitt sé hærra daggjald. Samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 er dagdvöl stuðningsúrræði fyrir aldraða sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í dagvist aldraðra skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og læknisþjónustu. Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Innifalið í daggjöldum dagdvalarrýma er nauðsynlegur flutningskostnaður og hvers konar þjónusta sem látin er í té á stofnunum, sbr. meðal annars reglugerð nr. 427/2013

Það er krafa Reykjavíkurborgar að ríkið greiði rétt verð fyrir þessa þjónustu enda er þetta lögskylt verkefni ríkisins.

2.3. Heimahjúkrun

Heimahjúkrun er verkefni sem hefur verið unnið af Reykjavíkurborg síðan árið 2009. Heimahjúkrun er heilbrigðisþjónusta og þar af leiðandi á ábyrgð ríkisins en hugmyndin með yfirfærslu verkefnisins var að auðvelda samþættingu á þjónustu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu til þess að auðvelda fólki að búa sem lengst heima hjá sér þrátt fyrir veikindi eða færniskerðingu. Frá árinu 2009 hafa samningar verið reglulega endurnýjaðir síðast þann 25. desember 2015 og gildir sá samningur út árið 2019. Frá árinu 2013 til 2016 hafa útgjöld vegna heimahjúkrunar hækkað úr 1.117 mkr í 1.400 mkr eða um **25%.** Á sama tímabili hafa greiðslur ríkisins fyrir þessa þjónustu hækkað úr 1.117 mkr í 1.320 mkr eða um **18%.** Árið 2013 var rekstur heimahjúkrunar í jafnvægi þ.e. útgjöld voru jöfn tekjum en frá árinu 2014 hefur Reykjavíkurborg greitt með samningnum. Húsnæðiskostnaður hefur hækkað á tímabilinu en í upphaf verkefnis eftir yfirfærslu var heimahjúkrun staðsett á einum stað og rekin þaðan fyrir alla borgina. Eftir samþættingu er hún veitt frá þremur stöðum og hefur húsnæðiskostnaður aukist en fjárveiting vegna húsnæðis lækkað um 11 m.kr. Launakostnaður heimahjúkrunar hefur þróast umfram þá launafjárhæð sem ríkið telur sig samningsbundið að bæta þrátt fyrir að ekki er um að ræða fjölgun starfsmanna. Ágreiningur er milli borgar og ríkis hvort ríkið sé að greiða með réttum hætti launakostnað starfsmanna. Ennfremur er óvissa um áhrif stafsmats hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á útgjöld vegna heimahjúkrunar.

Gerð er krafa um að ríkið greiði Reykjavíkurborg fyrir þjónustu heimahjúkrunar í samræmi við raunkostnað.

R17090119
28 sept. 2017

3. Fjárhagsleg samskipti vegna innflytjenda og hælisleitenda

3.1. Innflytjendur

Nýr hópur er kominn á grunni fjölskyldusameininga og vegna fjölgunar innflytjenda sem ekki eiga rétt á t.d. ellilífeyri og/eða örorkulífeyri eða endurhæfingarlífeyri hér á landi vegna skammrar búsetusögu. Þessi hópur er að fá fjárhagsaðstoð til framfærslu ótímabundið. Ekki er ólíklegt að kostnaður vegna þessa hóps vaxi á næstu árum.

Það er krafa Reykjavíkurborgar að ríkið axli þennan vanda með því að veita þessum nýju borgurum réttindi í almannatryggingakerfinu í stað þess að senda þennan kostnað á sveitarfélögin.

3.2. Hælisleitendur

Í ljósi stóraukins fjölda hælisleitenda og þar með fjölgunar þeirra sem fá stöðu flóttamanns að lokinni hælismeðferð er mikilvægt að skoða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á nýjan leik með það að leiðarljósi að ríkið komi að þjónustu þeirra sem fá stöðu flóttamanns eftir hælismeðferð. Víða í nágrannalöndum kostar ríkið þjónustu til þessa hóps í allt að tvö ár eftir að hælismeðferð lýkur til að hægt sé að tryggja með sem bestum hætti aðlögun þessa hóps að íslensku samfélagi.

Þá hefur fjölgun átt sér stað hér á landi í hópi barna án fylgdarmanns. Mikil kostnaður fylgir þjónustu við þennan hóp m.a. vegna barnaverndar og búsetuúrræði eru ekki alltaf til staðar. Kostnaður vegna fjölskyldu-sameininga hjá þessum hópi mun að öllum líkindum aukast mikið á næstu árum.

Mikilvægt er að tryggja öllum þeim sem hingað koma gjaldfrjálsa íslenskukennslu eins og gert er á öllum öðrum norðurlöndum þannig að einstaklingarnir nái jafnri stöðu í samfélaginu.

Sérstaklega þarf að skoða menntunarmöguleika þeirra sem hingað koma eftir að skyldunámi líkur. Mat á menntun og reynslu þarf að vera aðgengilegra en nú er.

Skorað er á alþingi að tryggja fjármögnun í fjárlögum á samræmingu á kostnaðarþáttöku ríkisins vegna móttöku flóttafólks óháð því hvernig það kemur til landsins.

4. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu

4.1. Borgarlínan

Í desember 2016 undirrituðu sveitarfélögin á höfuðborgasvæðinu samkomulag um Borgarlínuna þ.e. nýtt hágæða almenningssamgangakerfi á höfuðborgarsvæðinu. Markmið verkefnisins er að draga úr þenslu byggðar og mæta fólksfjölgun án þess að álag á stofnvegakerfi aukist í sama hlutfalli. Sveitarfélögin hafa átt í samstarfi við vegagerðina um verkefnið enda er gert ráð fyrir að bæði ríkið og vegagerðin komi að fjárhagslegum og verklegum þáttum verkefnisins. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er um 55-62 ma.kr. en gert er ráð fyrir að kostnaður við fyrsta áfanga verkefnisins verði 28-30 ma.kr. sem falli til á árunum 2019-2022.

Í stefnuyfirlýsingu fráfarandi ríkisstjórnar var gert ráð fyrir að skoðað yrði samstarf á milli sveitarfélaga og ríkisins um Borgarlínu en ljóst er að fjárhagsleg aðkoma ríkisins er algjör lykilforsenda fyrir því að verkefnið verði að raunveruleika. Því er skorað á fjárlaganefnd að tryggja framgang og fjármögnun verkefnisins.

4.2. Samstarfssamningur um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu

Í maí 2012 var gerður samstarfssamningur á milli ríkissjóðs og eigenda um framlag til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Uppsafnaðar vanefndir ríkissjóðs á þessum samningi fram til ársins 2018 eru áætlaðar **625 mkr**. Mikilvægt er að ríkið standi við sinn hlut í samkomulaginu eigi markmið þess um umbætur í almenningssamgöngum að ná fram að ganga.

Skorað er á alþingi að tryggja fulla fjármögnun samningsins við afgreiðslu fjárlaga.

4.3. Hækkun olíugjalds

Í frumvarpi til fjárlaga 2018 er gert ráð fyrir að olíugjald hækki langt umfram verðlag, úr 60,1 kr. í 71,60 kr. á hvern lítra, eða sem nemur um ríflega 19%. Áhrif breytingarinnar mun þyngja rekstur Strætó BS verulega, eða sem nemur um **76 mkr** á ári. Strætó BS mun reynast mjög erfitt að standa undir þessum aukna kostnaði nema til komi sérstakur stuðningur ríkis með t.d. endurgreiðslu olíugjalds. Að auki mun hækkunin skapa þrýsting á verðbólgu en í fjárlagafrumvarpi eru bein áhrif breytingarinnar á verðlag metin um 0,01% til hækkunar á vísitölu neysluverðs. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að tekjur af olíugjaldi skili ríkissjóði 12,7 makr á árinu 2018, eða um 26% meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2017.

Skorað er á ríki að falla frá fyrirhugaðri hækkun olíugjalds þar sem hækkunin mun auka kostnað við rekstur almenningssamgangna verulega eða finna leiðir til að þessi aðgerð leiði ekki til skerðingar á þjónustu við íbúa.

5. Innheimtuþóknun útsvars

Samkvæmt 32.gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 skulu sveitarfélögin greiða ríkissjóði 0,5% af innheimtu útsvari í staðgreiðslu vegna innheimtu útsvars. Vakin er athygli á því að þetta hlutfall hefur haldist óbreytt frá því að hámarks álagningarhlutfall útsvars var 7,5% þrátt fyrir að hámarkshlutfall í dag sé nánast tvöfalt hærra eða 14,52%. Ef talið var að 0,5% innheimtuþóknun stæði undir kostnaði vegna innheimtunnar þegar hámarks útsvar var 7,5% hlýtur ríkissjóður að hagnast mikið á innheimtunni þegar hlutfallið er reiknað af tvöfalt hærra álagningarhlutfalli. Á árinu 2016 greiddi Reykjavíkurborg ríkissjóði rúmlega 346,6 mkr eða væntanlega um 148 mkr umfram það sem eðlilegt má teljast. Í frumvarpi til fjárlaga 2018 er nefnt að áformað er hefjast handa við endurskipulagningu innheimtukerfis opinberra gjalda á grundvelli tillagna starfshóps fyrir mitt ár 2018 og að frumvarp þess efnis verði lagt fram á haustþingi 2018. Lýst er yfir ánægju með þessi áform og mælst er til að innheimtuþóknun sem Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög greiða ríkissjóði vegna innheimtu útsvars endurspegli raunkostnað við innheimtuna. Reykjavíkurborg gerir þá kröfu að þóknunin verði lækkuð í það minnsta um helming, í 0,25% af innheimtu útsvari.

Það er krafa Reykjavíkurborgar og væntanlega allra sveitarfélaga að innheimtuþóknun sem sveitarfélög greiða ríkissjóði vegna innheimtu útsvars endurspegli raunkostnað við innheimtuna, eða lækki í það minnsta úr 0,5% í 0,25% af innheimtu útsvari í staðgreiðslu í ljósi hækkunar útsvarshlutfalls frá því hlutfallið var ákvarðað.

6. Tryggingagjald

Minnt er á fyrirheit um lækkun tryggingargjalds en eftir hrun var tryggingargjald hækkað um 1,77% stig og það útskýrt með miklum skuldbindingum atvinnuleysisbótakerfisins. Með sömu rökum hefði átt að vera komið til lækkunar gjaldsins miklu fyrr en fram að þessu hefur tryggingargjald aðeins lækkað um tæpan helming af

umræddri hækkun. Bent er á að í skýrslu verkefnisstjórnar um breytingar og umbætur á skattkerfinu er tekið fram að tryggingagjald skuli taka mið af hagsveiflunni þ.e. hækka og lækka í öfugu hlutfalli við hagsveifluna. Hvert 1% stig af of háu tryggingargjaldi kostar borgarsjóð um **480 m.kr**. árlega.

Á meðan tryggingagjaldi er haldið óbreyttu er fyrirhugað að stytta atvinnuleysisbótatímabil úr 30 mánuðum í 24 mánuði. Ljóst er að slík breyting mun hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin.

Reykjavíkurborg gerir kröfu um að tryggingagjald verði lækkað eða að borgin og önnur sveitarfélög fái hlutdeild í álagningu tryggingagjalds til að mæta auknum útgjöldum vegna styttingar bótatímabils.

7. Gistináttagjald

Undanfarin ár hefur ferðamönnum fjölgað mikið og umsvif ferðaþjónustunnar aukist. Einu tekjur borgarinnar sem rekja má beint til ferðamanna er í formi aðgangseyris sem greiddur er þegar ferðamenn heimsækja söfn og sundstaði. Þá hafa ferðamenn nýtt sér almenningssamgöngur Strætó og greiða þar fargjald. Á móti kemur að aðsókn ferðamanna að söfnum, sundstöðum og Strætó veldur auknum rekstrarkostnaði vegna aukins mannafla, ræstingu ofl. Þá hefur umferð tengd flutningum á ferðamönnum með hópbifreiðum af ýmsum stærðum aukist til muna í borginni og skapað aukið álag og umtalsvert aukna viðhaldsþörf á samgöngumannvirkjum. Mikil fjölgun ferðamanna hefur einnig skapað aukna þörf fyrir hreinsun gatna, gönguleiða, almenningsrýma og opinna svæða. Til viðbótar hefur Reykjavíkurborg tekið þátt í markaðssetningu landsins og borgarinnar og átt þannig þátt í því að laða verðmæta gesti til landsins.

Í skýrslu verkefnisstjórnar um breytingar og umbætur á skattkerfinu og hins vegar í skýrslu starfshóps Sambandsins um auknar tekjur af ferðamönnum var mælst til þess að lög um gistináttarskatt yrðu endurskoðuð þannig að skatturinn yrði hækkaður, undanþágum fækkað og að tekjur af skattinum rynnu a.m.k. að stærstum hluta beint til sveitarfélaga. Bent er á að gistináttaskattur er víða þekktur erlendis sem borgaraskattur og rennur gjarnan til viðkomandi sveitarfélags eða héraðs til að standa undir kostnaði heimafólks við að taka á móti gestum sínum. Nú hefur gistináttagjaldið verið þrefaldað og tók sú breyting gildi 1. september síðastliðinn. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpi 2018 að tekjur af gjaldinu renni til sveitarfélaga en gert er ráð fyrir að aðgerðin hækki áætlaðar tekjur ríkissjóðs um 1 ma.kr. fjárlagaárið 2018.

Vegna stóraukins álags og viðhaldsþarfar á samgöngumannvirkjum, kostnaðar vegna hreinsunar gatna, gönguleiða og almenningsrýma í kjölfar mikillar fjölgunar ferðamanna gerir Reykjavíkurborg þá kröfu að tekjur af gistináttaskatti renni a.m.k. að stærstum hluta beint til sveitarfélaga.

8. Skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaðar

Þann 1. júlí sl. öðluðust lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð gildi. Lögin fela í sér að heimilt er að taka út uppsafnaðan séreignarsparnað til kaupa á fyrstu íbúð eða nýta séreignarsparnað til að greiða inn á lán, sem tryggt er með veði í fyrstu íbúð, yfir tíu ára samfellt tímabili. Samkvæmt mati Sambands íslenskra sveitarfélaga má gera ráð fyrir að sveitarfélögin muni fara á mis við útsvarstekjur yfir 10 ára tímabil sem nema **7,2 makr** eða **720 mkr.** á ári. Ef gert er ráð fyrir að hlutdeild Reykjavíkurborgar sé sú sama og í hlutdeild íbúafjölda þá má gera ráð fyrir að borgin verði af útsvarstekjum sem nema um **250-300 mkr** á ári.

Til viðbótar við þessar aðgerðir hefur einnig gildandi úrræði um nýtingu séreignarsparnaðar til lækkunar á höfuðstól fasteignalána verið framlengt um tvö ár, eða fram á mitt ár 2019. Samkvæmt mati Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 18.8.2016 námu tapaðar brúttó útsvarstekjur Reykjavíkurborgar vegna ráðstöfunar iðgjalds séreignarsparnaðar til lækkunar húsnæðislána u.þ.b. **638 m.kr.** vegna tekjuársins 2015. Ætla má að

útsvarstekjutap borgarinnar vegna skattfrjálsrar greiðslu séreignarsparnaðar inn á fasteignalán nemi þannig alls u.þ.b. **3,1 makr** vegna tímabilsins 1. júlí 2014 til 30. júní 2019.

Sveitarfélögin munu að auki bera kostnað af auknum viðbótarlífeyrissparnaði starfsmanna sveitarfélaga, vegna fjölgunar þeirra sem vilja nýta sér þennan sparnað eða vilja auka hann, og vegna hærra tryggingargjalds af þeim sökum. Frumvarp innanríkisráðherra um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga varð að lögum sl. sumar. Lögin kveða á um sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga að upphæð **650 m.kr.** í samræmi við hlutdeild þeirra í útsvarsstofni 2016 í því skyni að bæta þeim að nokkru þá tekjuskerðingu sem þau urðu fyrir þegar lög nr. 40/2014 um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána voru samþykkt á árinu 2014. Þetta sérstaka framlag sem lögin kveða á um bætir þó aðeins hluta af útsvarstekjustapi sveitarfélaga.

Gerð er krafa um það að Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum verði bætt það útsvarstekjutap að fullu sem hlýst af aðgerðum ríkisins í húsnæðismálum.

9. Fjármagnstekjuskattur

Sveitarfélög á Íslandi eru undanþegin almennum ákvæðum laga um að greiða tekju- og eignaskatt í ríkissjóð eins og í öðrum löndum en þetta undanþáguákvæði nær ekki til fjármagnstekjuskatts. Uppruni fjármagnstekna sveitarfélaga er í flestum tilvikum vegna vaxtatekna af skattgreiðslum eftir gjalddaga eða af sjóðum sem sveitarfélögum halda til að geta staðið tryggilega undir greiðsluskuldbindingum sínum. Þá er lagður fjármagnstekjuskattur á vaxtatekjur sem sveitarsjóður fær af lánveitingum til eigin fyrirtækja sem kemur í veg fyrir að sveitarfélagið geti sótt lánsfé á hagstæðum kjörum og veitt áfram til félaga sem sinna lögbundnu hlutverki sveitarfélagsins á sömu kjörum. Þetta getur staðið t.d. uppbyggingu á félagslegu leiguhúsnæði fyrir þrifum enda munu Félagsbústaðir hf. þurfa að sækja mikið fjármagn á almennan markað til að framfylgja metnaðarfullri áætlun um fjölgun félagslegra íbúða um 500-600 á næstu árum.

Sveitarfélög geta ekki dregið vaxtagjöld frá áður en til skattlagningar kemur á fjármagnstekjur eins og fyrirtæki og er þannig gróflega mismunað í samanburði við aðra lögaðila. Eðlilegast væri að ríkið hætti með öllu að taka fjármagnstekjuskatt af sveitarfélögum eins og þegar gildir um Innheimtustofnun sveitarfélaga en þar voru rökin einmitt þau að vaxtatekjur stofnunarinnar mátti einkum rekja til of seint fram kominna skuldaskila meðlagsgreiðenda.

Þessu til viðbótar má geta tillagna sem varða fjármagnstekjuskatt í skýrslu verkefnisstjórnar um breytingar og umbætur á skattkerfinu. Þar er lagt til að fjámagnstekjuskattur verði lagður á raunvexti en ekki nafnvexti eins og gert er í dag.

Þá er sérstakt tilefni til að skoða að veita sveitarsjóðum hlutdeild í tekjum ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti þar sem margir einstaklingar og lögaðilar sem þiggja þjónustu sveitarfélagsins greiða oft litla eða enga skatta til þess.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

17. október 2017
1709050

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 13. september 2017, óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um fjárlög 2018, 1. mál.

Með frumvarpi þessu eru tekjur og útgjöld ríkissjóðs fyrir árið 2018 áætluð. Seðlabanki Íslands tekur ekki beina afstöðu til einstakra greina þessa frumvarps heldur horfir Seðlabankinn fyrst og fremst til aðhaldsstigs ríkisfjármála. Umfjöllun Seðlabankans um aðhaldsstig ríkissfjármála ásamt ítarlegri umfjöllun um fjárlagafrumvarpið sjálft verður að finna í *Peningamálum* 2017/4 sem koma mun út 15. nóvember næstkomandi.

Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson
aðalhagfræðingur